

The image features the Rio Tinto logo in the top left corner. The background is a blurred scene of a modern building with a white facade and a prominent green horizontal band. In the foreground, there is a field of tall, golden-brown grasses blowing in the wind. The sky is a clear, vibrant blue.

RioTinto

Samfélag og sjálfbærni

Skýrsla um starfsemi Rio Tinto á Íslandi 2025

Maí 2026

Efnisyfirlit

[Yfirlýsing](#)

[Ávarp forstjóra](#)

[Um fyrirtækið](#)

[Framleiðsluferli áls](#)

[Stefna Rio Tinto á Íslandi](#)

[Gildi Rio Tinto á Íslandi](#)

[Umhverfismál](#)

[Grænt bókhald](#)

[Fólkið í Straumsvík](#)

[Samfélag](#)

[Hagsmunaaðilar](#)

[Efnahagslegir þættir](#)

[GRI tilvísunartafla](#)

Ábyrgð og ritstjórn:
Bjarni Már Gylfason

Ritnefnd:
Bjarni Már Gylfason
Elva Dögg Melsteð
Guðni Ingólfsson
Gyða Ósk Bergsdóttir
Halla Dóra Sigurgeirsdóttir
Hildur Atladóttir

Ljósmyndir:
Birgir Ísleifur Gunnarsson
Rio Tinto á Íslandi ehf.

Útgefandi:
Rio Tinto á Íslandi ehf.
Straumsvík
Pósthólf 222



Yfirlýsing

Allar upplýsingar í þessari skýrslu eru réttar og veittar samkvæmt bestu vitund. Þær gefa raunhæfa mynd af starfsemi Rio Tinto á Íslandi og hafa mikið gildi þegar kemur að áætlunum um að bæta árangur fyrirtækisins.

Einlægur vilji er að stuðla að stöðugum framförum, bæði fyrirtækisins og annarra, á sviði sjálfbærrar þróunar og ábyrgrar starfsemi. Grænt bókhald, sem er hluti af þessari skýrslu, er fært í samræmi við reglugerð nr. 206/2025 sem tekur við af eldri reglugerð um grænt bókhald.

Skýrslan er aðgengileg á vef fyrirtækisins, riotinto.is og veitir ítarlegar upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins. Öllum ábendingum um efni hennar er vel tekið en þeim má koma til skila á vefsvæði okkar riotinto.is eða á netfanginu isal@riotinto.com.

Sunna Björg Helgadóttir,
forstjóri



Ávarp forstjóra

Tímamót eru í Straumsvík. Eftir 36 ára starf, þar af um 30 ár sem forstjóri, hefur Rannveig Rist látið af störfum. Ég vil byrja á að þakka Rannveigu kærlega fyrir sitt mikilvæga framlag til fyrirtækisins. Hennar framlag nær raunar langt út fyrir starfsemina í Straumsvík enda hafa hennar áherslur og framsýni haft veigamikil áhrif á þróun atvinnulífsins og samfélagsins í heild. Ég er spennt að taka við starfi forstjóra á þessum tímamótum og hlakka til að vinna með því afburðafólki sem hjá fyrirtækinu starfar, ásamt fjölbreyttum hópi hagaðila, með áherslu á að viðhalda og efla sterkan rekstur til framtíðar.

Starfsumhverfi Rio Tinto á Íslandi var krefjandi á árinu 2025. Stríðsátök, viðskiptahindranir og óreiða í alþjóðahagkerfinu hélt áfram að hafa veruleg áhrif á ytra umhverfi og á þessu ári hefur ástandið síst batnað. Álverð hefur hækkað nokkuð en það er ekki til marks um betra ástand á almörkuðum heldur frekar vegna skertrar framleiðslugetu vegna stríðsátaka. Full ástæða er til að hafa áhyggjur af þrálátri verðbólgu, háum vöxtum og kólnun á vinnumarkaði á Íslandi. Þrátt fyrir krefjandi umhverfi gengur rekstur og starfsemi álversins í Straumsvík vel og starfsfólk okkar á miklar þakkir skildar fyrir þann góðan árangur sem náðst hefur.

Fyrstu tvo mánuði síðasta árs bjó fyrirtækið við raforkuskerðingar vegna lágrar vatnsstöðu í miðlunarlónum. Framleiðsla heitmálms var 202.500 tonn, sem er nokkuð lægra en gert var ráð fyrir. Í Steypuskála voru framleidd 211.327 tonn en mismunurinn felst í umbræðslu og framleiðslu úr aðkeyptum málm. Búast má við að framleiðslan á þessu ári verði nokkuð meiri, bæði frá ker- og steypuskála.

Árið 2025 voru tekjur fyrirtækisins 646,9 milljónir dollara eða sem svarar 83 milljörðum króna samanborið við 612 milljónir dollara árið á undan. Tekjur jukust nokkuð vegna hækkandi álverðs. Hins vegar voru rekstrarskilyrði erfið og verð aðfanga, sérstaklega súrals á fyrsta hluta ársins, mjög hátt. Einnig reyndust raforkuskerðingar kostnaðarsamar vegna tapar framleiðslu. Tap varð á rekstrinum sem nam 104,1 milljónum dollara eða sem nemur 13,3 milljörðum króna. Þó ber að hafa í huga að um 80% af tapinu er vegna innbyggðra afleiðna en verðmat þeirra er mjög næmt fyrir breytingum á undirliggjandi breytum. Þannig er stærsti hluti tapsins ekki tengdur reglubundnum rekstri.



Efnahagslegt fótspor Rio Tinto á Íslandi er mikið. Hjá fyrirtækinu starfa um 380 manns og námu laun og launatengd gjöld um 8,1 milljörðum á árinu 2025. Greiðslur okkar til Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhafnar námu 604 milljónum króna. Kaup okkar á innlendri vöru og þjónustu var um 11 milljarðar á liðnu ári að undanskildum kaupum á raforku.

Fyrirtækið keypti 3.334 GWst af raforku frá Landsvirkjun. Góð afkoma Landsvirkjunar og háar arðgreiðslur til ríkisins endurspeglar mikilvægt framlag áliðnaðar, þar sem Rio Tinto á Íslandi er einn stærsti viðskiptavinur fyrirtækisins.

Ávarp forstjóra

Losun gróðurhúsalofttegunda var 1,53 tonn CO₂ á hvert tonn af framleiddu áli sem er svipað og undanfarin ár. Sú losun er með því lægsta sem þekkist í áliðnaði á heimsvísu og til marks um góðan árangur okkar. Losun flúors jókst hins vegar nokkuð á síðasti ári og var 0,58kg á hvert tonn af framleiddu áli samanborið við 0,47kg árið á undan. Er aukningin meðal annars tilkomin vegna tíðra ræsinga á kerum sem þurfti að taka úr rekstri vegna raforkuskerðinga í upphafi árs og síupokaskiptum í þurrhreinistöðvum.

Að bæta árangur í öryggismálum er viðvarandi verkefni. Árangur fyrirtækisins í málaflokknum er mældur út frá samræmdum mælikvarða Rio Tinto sem kallast SMM (e. *Safety Maturity Model*). Á þann mælikvarða mælist árangur okkar góður og verulegar umbætur hafa átt sér stað. Sem betur fer eru slys sjaldgæf en því miður urðu nokkuð fleiri atvik í fyrra en árin þar á undan eða fimm talsins. Ekkert þeirra var alvarlegt en þau eru mikilvæg áminning til okkar að gera enn betur og tryggja öruggt starfsumhverfi þar sem allt starfsfólk kemur ávallt heilt heim úr vinnu.

Síðastliðið haust fór fram ítarleg könnun sem kallast Local Voices. Könnunin mælir traust og viðhorf nærsamfélagsins til Rio Tinto á Íslandi og er samræmd á öllum starfsstöðvum Rio Tinto. Alls tóku 430 manns þátt og voru niðurstöðurnar afar jákvæðar og hvatning til að gera enn betur. Könnunin verður endurtekin haustið 2026 en nánari upplýsingar um könnunina má finna á heimasíðu fyrirtækisins.

Umhyggja er eitt af þremur gildum fyrirtækisins og því er vellíðan starfsfólks höfð að leiðarljósi í ýmsum aðgerðum sem miða að aukinni starfsánægju og stuðningi í daglegu lífi. Á liðnu ári var að fullu innleitt Velferðartorg þar sem starfsfólki gefst kostur á ýmiss konar faglegum stuðningi og þjónustu í gegnum Kara Connect. Meðal þess sem boðið er upp á eru viðtöl við sálfræðinga, fjölskylduráðgjöf, hjónabandsráðgjöf og markþjálfun. Starfsfólk fær fimm tíma árlega án endurgjalds en Velferðartorginu er ætlað að styðja enn frekar við velferð og starfsánægju sem mælist há samkvæmt reglulegum starfsmannakönnunum.

Þann 24. október sl. voru 50 ár liðin frá því að Kvennafrídagurinn var haldinn. Fyrir okkur í Straumsvík er það viðvarandi verkefni að jafna hlut karla og kvenna meðal starfsfólks. Alls eru tæp 24% starfsfólks konur en 76% karlar og hefur hlutfall kvenna aldrei mælst hærra. 35% af nýráðningum síðasta árs voru konur. Meðal þeirra 120 sem koma í sumarvinnu er hlutfallið jafnt.

Á þessu ári hefst vinna við breytingar á starfsleyfi fyrirtækisins þannig að mögulegt sé að auka framleiðslugetu steypuskála. Núverandi starfsleyfi miðar við 230.000 tonna framleiðslu en þar er einkum miðað við framleiðslugetu heitmálms í kerskálum. Steypuskáli hefur umtalsvert meiri framleiðslugetu og í því felast mikilvæg tækifæri fyrir fyrirtækið. Stendur til að starfsleyfi steypuskála verði 280.000 tonn. Það gerir okkur meðal annars mögulegt að nýta betur búnað fyrirtækisins en ekki síst mæta þörfum viðskiptavina. Aukin krafa er að við tökum til baka afskurð eða frávikavöru úr framleiðsluferli viðskiptavina. Með því móti er hægt að framleiða nýja hágæða bolta með enn lægra kolefnisfótspori en áður og stuðla um leið að heilbrigðara hringrásarkerfi. Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að ekki þurfi að koma til sérstaks umhverfismats vegna þessa.

Lokið er framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar en verkefnið hefur staðið yfir árum saman í nánú samstarfi Vegagerðarinnar við Rio Tinto á Íslandi og Hafnarfjarðarbæ. Ásýnd alls svæðisins og umferðaröryggi hefur batnað mikið. Einnig er kominn nýr hjólastígur sem liggur sunnan við Reykjanesbraut sem bætir enn frekar ásýnd og aðgengi að svæðinu.

Sjálfbærnisráðgjafi Rio Tinto á Íslandi og Grænt bókhald veita skilmerkilegar og gagnlegar upplýsingar um rekstur og starfsemi fyrirtækisins. Mikil áhersla er lögð á að hagaðilar okkar og nærsamfélag geti kynnst starfsemiinni vel og þeim áhrifum sem hún hefur á umhverfi og samfélag.

Sunna Björg Helgadóttir,
forstjóri

Rannveig Rist heiðruð

Stjórnvísí heiðraði Rannveigu Rist, forstjóra Rio Tinto á Íslandi, fyrir framlag sitt til stjórnunar við hátíðlega athöfn þann 9. febrúar 2026. Forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, afhenti Rannveigu verðlaunin. Heiðursverðlaunin voru veitt í þriðja sinn frá stofnun félagsins árið 1986. Rannveig er vel að þessum verðlaunum komin eftir tæplega 36 ára feril hjá ISAL og þar af tæplega 30 ár sem forstjóri.

Í umsögn dómnefndar segir um Rannveigu:

Rannveig var fyrsta konan til að verða forstjóri í stórfyrirtæki á Íslandi. Þegar hún tók við því starfi var hún ung kona og það þótti bæði til marks um hugrekki stjórnenda þess tíma en ekki síður að í þessari konu bjó eitthvað einstakt: sterkur leiðtogi, sem kom svo sannarlega í ljós. Á starfsferli Rannveigar í Straumsvík hefur fyrirtækið bætt árangur á flestum sviðum. Framleiðslugeta hefur aukist, tæknilegar framfarar hafa verið miklar og menntun starfsfólks hefur verið sett í öndvegi með stofnun Stóriðjuskólans. Öryggismál, heilbrigði, góð samskipti, jafnrétti og umhverfismál hafa öll tekið stakkaskiptum frá því að Rannveig tók við fyrirtækinu. Framleiðni hefur aukist og losun gróðurhúsalofttegunda er nú með því lægsta sem þekkist í áliðnaði.



Um fyrirtækið

Álverið í Straumsvík er rekið af Rio Tinto á Íslandi ehf. Verksmiðjuheiti álversins er ISAL og tilheyrir Rio Tinto Aluminium sem er álsvið breska námafélagsins Rio Tinto. Fyrirtækið er skráð á Íslandi. Félagið leggur áherslu á heilsu og öryggi starfsfólks, sjálfbæra þróun og heiðarleika í vinnubrögðum. Höfuðstöðvar Rio Tinto eru í London en umfang starfseminnar er mest í Ástralíu og Norður-Ameríku. Höfuðstöðvar álsviðs Rio Tinto eru í Montreal í Kanada.

Helsta framleiðsluafurð álversins í Straumsvík eru sívalar stangir úr áli sem í Straumsvík sem eru kallaðar boltar. Boltarnir eru framleiddir í fjölmörgum málmblöndum og í mismunandi stærðum og eru tilbúnir til þrýstimótunar hjá viðskiptavinum fyrirtækisins. Álið frá Straumsvík er notað í ýmsar sérhæfðar vörur, svo sem í bílaiðnaði, byggingariðnaði, í ýmsa prófíla, loftræstikerfi og ramma utan um sólarcellur og fleira. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru flestir í Evrópu og eru um **60 talsins**, fjöldi þeirra getur breyst milli ára.

Hjá Rio Tinto á Íslandi starfa um **380 manns** með ólíkan bakgrunn. Fjölbreytnin er mikil og innan fyrirtækisins býr mikil þekking og reynsla meðal starfsfólks sem á stóran þátt í velgengni þess.

Alla tíð hefur verið lögð mikil áhersla á **fræðslumál** og er Stóriðjuskólinn stærsta verkefnið í fræðslustarfi fyrirtækisins og á mikinn þátt í góðum árangri fyrirtækisins á undanförunum árum. Við leggjum ríka áherslu á að bæta stöðugt frammistöðu okkar í heilbrigðis-, öryggis-, umhverfis- og samfélagsmálum, setjum metnaðarfull markmið á þessum sviðum og höfum mótað um þau skýra stefnu.

Fyrirtækið er með samþætt **stjórnkerfi** gæða-, heilbrigðis-, öryggis og umhverfismála, vottað samkvæmt alþjóðlegu stöðlunum ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001 ásamt því að vera með vottað jafnlaunakerfi samkvæmt ÍST 85 staðlinum. Fyrirtækið er enn fremur með ASI vottun.

Markvissar **stöðugar umbætur** og **straumlínustjórnun** eru ein af meginstöðum fyrirtækisins. Atvik og frávik eru skráð og grunnástæður í rót þeirra greindar. Áhættugreiningar eru framkvæmdar með tilliti til reksturs, umhverfis, heilbrigðis, öryggis og samfélags.

Við leggjum okkur fram við að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Þá er markmið okkar **ánægðir viðskiptavinir** sem líta á Rio Tinto á Íslandi sem fyrsta valkost.



Um fyrirtækið


Þann 28. október 2021 gaf Umhverfisstofnun út endurnýjað **starfsleyfi** fyrir Rio Tinto á Íslandi sem gildir til 1. nóvember 2037. Ýmsar nýjar kröfur koma inn í starfsleyfið. Í nýju leyfi eru innleiddar kröfur um bestu fánlegu tækni (BAT). Starfsleyfið er aðgengilegt á vef Umhverfisstofnunar. Stofnunin er jafnframt eftirlitsaðili.

Fyrirtækið fellur undir fyrirtækjaflokkinn „2.1 álfraleiðsla“, samkvæmt fylgiskjali með reglugerð um grænt bókhald.


Stjórn fyrirtækisins árið 2025 skipa eftirfarandi fimm einstaklingar:

Christian Charbonneau, stjórnarformaður
Patrice Bergeron
Rannveig Rist
Sigurður Þór Ásgeirsson
Katrín Pétursdóttir

Stjórnarháttayfirlýsing Rio Tinto á Íslandi er aðgengileg á vef fyrirtækisins www.riotinto.is.



Stefna Rio Tinto á Íslandi



Komum heil heim

- Öryggis-, umhverfis og heilbrigðismál í fyrirrúmi
- Reynslumikið og fjölhæft starfsfólk
- Menntun og fræðsla starfsfólks

Framúrskarandi starfsemi

- Ábyrg framleiðsla sem stenst ítrustu kröfur
- Hágæða ál með hámarksarðsemi
- Fyrsti kostur viðskiptavina
- Stöðugar umbætur

Vöxtur í forgangi

- Framúrskarandi starfsfólk
- Fjölbreytileiki, jafnrétti og mannréttindi
- Skynsöm fjárfestingastefna og nýting búnaðar
- Stafræn vegferð og aukin sjálfvirknivæðing

Starfsemi í sátt við samfélag


- Vöxtur og samkeppnishæfni á sjálfbæran hátt
- Meiri endurvinnsla, minni sóun, ábyrg nýting auðlinda,
- Afurðir draga úr losun hjá viðskiptavinum
- Ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2040 með föngun koltvísýrings

Gildi Rio Tinto á Íslandi

Umhyggja	Hugrekki	Framsækni
<ul style="list-style-type: none">• Við gætum þess að setja andlegt og líkamlegt öryggi fólksins í kringum okkur í forgang.• Við virðum hvert annað, byggjum sambönd okkar á trausti og erum meðvituð um afleiðingar gjörða okkar.• Við leggjum okkar af mörkum til að skapa betri framtíð fyrir fólkið okkar, samfélagið og umhverfið.	<ul style="list-style-type: none">• Við tökumst á við erfiðar aðstæður með jákvæðu hugarfari og sýnum í verki að við vinnum öll að sama markmiði.• Við sýnum hugrekki með því að vekja athygli á því sem aflaga hefur farið og grípum til aðgerða þegar þörf krefur.• Við erum ekki hrædd við að prófa nýja hluti.	<ul style="list-style-type: none">• Við erum alltaf að læra og bæta við þekkingu okkar.• Við leitum stöðugt að leiðum til að gera hlutina betur og með öruggari hætti.• Við kunnum að meta styrkinn sem felst í fjölbreytileika hugmynda og samvinnu. Þannig náum við meiri árangri saman en við gætum hvert fyrir sig.



Rio Tinto á Íslandi



Siðareglur

Siðareglur Rio Tinto, **Þannig vinnum við**, gilda fyrir allt starfsfólk Rio Tinto á heimsvísu. Þar er útskýrt hvernig starfsfólk hegðar sér í samræmi við gildi fyrirtækisins.

Gildi fyrirtækisins eru:

umhyggja - hugrekki - framsækni

Efni siðareglanna á ekki eingöngu við fyrir starfsfólk fyrirtækisins heldur einnig ráðgjafa, umboðsmenn, verktaka og birgja.

Við leggjum okkur líka fram um að tryggja að þessar meginreglur séu virtar í þeim fyrirtækjum sem við eigum hlut í og viðskipti við.


Siðareglurnar má finna á www.riotinto.is.

Einnig eru í gildi sérstakar siðareglur fyrir birgja Rio Tinto sem fyrirtækið gerir kröfu um að þeir fylgi.

Í siðareglum birgja eru átta meginstef:

1. Árangur í heilbrigðis- og öryggismálum
2. Stjórnarhættir og hlífni við lög
3. Vinnuafli og mannréttindi
4. Árangur í umhverfismálum
5. Neyðarviðbúnaður og rekstraröryggi
6. Nærsamfélag
7. Upplýsingar og skýrslugerð
8. Skuldbinding stjórnenda

Siðareglur birgja má finna www.riotinto.is.



Framleiðsluferlið

Ál er framleitt með rafgreiningu súrál. Það er efnasamband áls og súrefnis (Al_2O_3) og líkist fíngerðum hvítum sandi. Auk súrál eru raforka og forskaut meginhræfni við framleiðslu áls.

ISAL notaði 3.434 **gígawattstundir** af raforku á árinu 2025 en hún er keypt af Landsvirkjun og á uppruna sinn í vatnsaflsvirkjunum.

Súrálið er að mestum hluta keypt frá Brasilíu og forskautin koma frá Kína, hvoru tveggja flutt sjóleiðis til Íslands.

Rafgreining fer fram í kerskálum í þar til gerðum kerum. Í þremur kerskálum álversins eru alls 480 ker og framleiðir hvert þeirra um 1,2 tonn af áli á sólarhring allt árið um kring.

Til þess að rafgreining geti farið fram þarf að veita **rafstraumi** í gegnum kerin. Í hverju kerin er flúorrík efnabráð sem gerir rafgreiningarferlið mögulegt. Við þetta klofnar hið sterka efnasamband súrál í ál og súrefni.


Forskautin, sem eru úr kolefni, gegna því hlutverki að koma rafstraumi í gegnum kerin og fer hann út um bakskautin sem eru á botni kersins.

Þegar álið klofnar frá súrefninu fellur það á botn kersins en súrefnið leitar upp á við, brennur með kolefnum forskautanna og myndar koltvísýring (CO_2).

Öll kerin í kerskálunum eru lokuð og með afsogi til að lágmarka losun flúors og ryks út í andrúmsloftið.

Afsogið er leitt inn á **þurrhreinisstöðvar** þar sem flúor og ryk er hreinsað úr afgasinu. Vel yfir 99% flúorsins hreinsast úr afgasinu og er endurnýtt við framleiðsluna.

Álið er sogað upp úr kerunum í deigljur og flutt yfir í steypuskálann.



Framleiðsluferlið

Í **steypuskálanum** er álið hreinsað í deiglum og síðan er fljótandi álinu dælt yfir í ofna. Þar er ýmsum efnum blandað við álið til að ná fram réttri efnasamsetningu í samræmi við kröfur viðskiptavina.

Næst er álinu hellt úr ofninum í rennukerfi steypuvéla en á leiðinni er það gasmeðhöndlað sem hreinsar burt síðustu óhreinindi áður en steypert er.

Steypuvélarnar steypa 7–8 metra langa **bolta** í ýmsum sverleikum.

Að lokum eru boltarnir settir í gegnum hitajöfnunarferli en það hefur áhrif á efniseiginleika álsins og tryggir jöfn gæði.

Í steypuskálanum eru framleiddar um **230** mismunandi vörutegundir.

Úrgangsefni sem falla til í steypuskálanum eru **endurnýtt** eins og kostur er, afskurður og spónn sem fellur til við sögun er endurbreddur. Eftir atvikum er afskurður og frávikavara tekin til baka frá viðskiptavinum og steypert aftur. Þannig næst enn lægra kolefnisfótspor og hringrásarhagkerfið styrkist.

Álgjall er einnig sent til **endurvinnslu**, en það er úrgangsefni úr hreinu áli og áloxíði sem verður til í framleiðsluferlinu.

Að síðustu er álið flutt sjóleiðina til Rotterdam og þaðan áfram til viðskiptavina víðsvegar um Evrópu.




Afurðir Rio Tinto á Íslandi

Allar afurðir Rio Tinto á Íslandi fara inn í framleiðsluferla hjá viðskiptavinum sem stuðla að aukinni **sjálfbærni**. Öll framleiðsla álversins telst vera flokkunartæk (e. *EU Taxonomy eligible*).

Stór hluti afurða er notaður í byggingariðnað þar sem notkun áls fer sívaxandi. Ál nýtist vel í byggingu húsa þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni bygginga. Dæmi um hluti í húsnæði eru gluggar, hurðir, stigahandrið, loftræstikerfi og hitakerfi. Einnig er ál töluvert notað í klæðningar á byggingar svo dæmi séu tekin.

Ál úr Straumsvík er einnig mikið notað í bílaiðnaði vegna eiginleika efnisins. Í raun má segja að orkuskipti í samgöngum, minnkandi eyðsla bíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og framleiðsla rafbíla væri erfið án þess að nota ál.

Ál er notað í nánast alla hluta bílsins en með ólíkum hætti eftir áherslum einstakra bílaframleiðenda og eru sumir bílar nánast eingöngu úr áli.



Umhverfi

Rio Tinto á Íslandi leggur áherslu á að starfa ávallt í sátt við umhverfi og samfélag og leitast við að bæta stöðugt frammistöðu í umhverfismálum.



Losun í andrúmsloft


Kerskálar eru helsta uppspretta mengandi efna í útblæstri en þau eru flúoríð, ryk og brennisteinstvíoxíð auk gróðurhúsalofttegunda. Útblástur flúoríðs og ryks er mældur stöðugt bæði á kerskálaþökum og í þurrhreinistöðvum. Einnig er símæling á ryki frá ofnum steypuskála, löndunarbúnaði og öðrum síuhúsum. Mælingarnar eru gerðar samkvæmt mæliáætlun sem samþykkt er af Umhverfis- og orkustofnun og má nálgast á vef stofnunarinnar.

Mikil áhersla er lögð á að halda losun í lágmarki og eru mælingarnar notaðar markvisst og niðurstöðurnar rýndar reglulega. Stýring framleiðsluferla, fyrirbyggjandi viðhald ásamt fræðslu og þjálfun starfsfólks gegna lykilhlutverki við að lágmarka losunina.


Áhrif útblásturs á umhverfið má sjá í kafla um [vöktun](#).

Losun flúoríðs var 0,58 kg/t ál og ryks 0,92 kg/t ál sem er **undir viðmiðunarmörkum** í starfsleyfi en losun var þó töluvert hærri en árið á undan þegar losun flúoríðs var 0,47 kg/t ál og ryks 0,82 kg/t ál. Til að bregðast við þessari þróun hefur verið stofnaður aðgerðahópur og hrundið í framkvæmd markvissum aðgerðum til úrbóta.

Útblástur flúoríðs



Útblástur ryks frá kerskálum og þurrhreinistöðvum




Losun í andrúmsloft

Losun brennisteinstvíoxíðs var 14,5 kg/t ál sem er vel **undir viðmiðunarmörkum** í starfsleyfi. Losunin ræðst af brennisteinsinnihaldi í skautum sem var 1,73% samanborið við 1,72% árið 2024. Losun brennisteinstvíoxíðs er einnig háð brennisteinsinnihaldi í súráli sem var 0,002% samanborið við 0,003% árið 2024. *

Þann 1. júlí 2023 tóku gildi ný viðmiðunarmörk fyrir losun ryks frá ofnum steypuskála en þau eru 25 mg/Nm³. Rykið er mælt með sjálfvirkum mælum í strompum hvers ofns. Losunin var 18,6 mg/Nm³, samanborið við 21,0 mg/Nm³ árið 2024, og því **undir viðmiðunarmörkum** í starfsleyfi.

Önnur losun í andrúmsloft er aðallega frá ryksíum og má sjá staðsetningu þeirra í mæliáætlun. Sjálfvirkir rykmælar eru notaðir til að fylgjast með virkni síubúnaðar. Ryk var einnig mælt handvirkt frá þremur ryksíum og voru niðurstöðurnar allar vel **undir viðmiðunarmörkum** í starfsleyfi sem eru 50 mg/Nm³.

* Uppgefið brennisteinsinnihald var rangt gefið upp árið 2024 en hefur nú verið leiðrétt



Losun gróðurhúsalofttegunda

Rio Tinto á Íslandi stefnir á **kolefnishlutleysi** árið 2040 en það snýr að allri beinni losun fyrirtækisins (umfang 1). Til að ná kolefnishlutleysi er lögð áhersla á að útrýma losun eða fanga hana eins mikið og reynist tæknilega hagkvæmt. Þeirri losun sem eftir stendur innan umfangs 1 verður mætt með vottuðum mótvægisáðgerðum.


Jafnframt er unnið að því að minnka óbeina losun starfseminnar í samstarfi við móðurfélagið og birgja en um 95% af losun í umfangi 3 er vegna framleiðslu og flutnings lykilhráefna.

Losun **gróðurhúsalofttegunda** er einn af mikilvægustu umhverfispáttum Rio Tinto á Íslandi. Losun frá starfseminni er skipt í tvo hluta, annars vegar það sem fellur undir viðskiptakerfi Evrópu með losunarheimildir (ETS) og hins vegar það sem er utan þess og fellur undir skuldbindingar íslenskra stjórnvalda (sjá töflu yfir grænt bókhald). Losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðsluferlum fellur undir viðskiptakerfi Evrópu með losunarheimildir en önnur losun t.d. losun frá fartækjum, kælimiðlum og úrgangi fellur undir skuldbindingar íslenskra stjórnvalda.


Losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðsluferlum árið 2025 var **1,53 t/t ál** eða 310.250 tonn og fellur sú losun undir viðskiptakerfi Evrópu með losunarheimildir. Losunin á hvert framleitt tonn er lág í samanburði við önnur álver. Ástæða þess góða árangurs er að vel gengur að lágmarka losun flúorkolefna og er það góðum stýringum og vel þjálfuðu starfsfólki að þakka. Önnur losun var vegna vinnuvéla og kælimiðla og úrgangs og nam hún 1.579 tonn samanborið við 1.664 tonn árið á undan.

Frá 1990 hefur losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslunni **dregist saman um 46%** þrátt fyrir að framleiðslan hafi meira en tvöfaldast. Þetta skýrist að mestu af því að tekist hefur að draga mjög úr losun flúorkolefna (PFC). Framleiðsla á áli þarf mikla orku og hefur það því mikla þýðingu að álverið í Straumsvík nýtir raforku sem framleidd er með vatnsafla en sú orkuvinnsla veldur hverfandi losun gróðurhúsalofttegunda samanborið við kol eða olíu.

Losun gróðurhúsalofttegunda innan ETS



Losun flúorkolefna (PFC) hjá ISAL samanborið við áliðnaðinn á heimsvísu



Losun gróðurhúsalofttegunda

Rio Tinto á Íslandi hefur sett **aðgerðaáætlun** í lofslagsmálum til 2040. Aðgerðaáætlunin horfir annars vegar til þeirrar losunar sem á sér stað innan viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og hins vegar þá losun sem fellur til undir skuldbindingar íslenskra stjórnvalda. Í meðfylgjandi töflu má sjá helstu verkefni sem unnið er að í Straumsvík og hvaða aðgerðir eru í gangi er varða losun í umfangi 1.

Þó að stærsti hluti losunar í umfangi 1 sé vegna bruna forskauta í kerskálum (96%) þá er styrkur **koldíoxíðs** í útblæstri frá kerskála mjög lágur. Árið 2025 var áframhaldandi vinna við að finna fýsilegar tæknilausnir til kolefnisföngunar. Tækniþroski þessar lausna er enn lítill og krefst þróunar frá tilraunaskala og upp á iðnaðarstig.

Í samstarf við móðurfélagið, Rio Tinto, var unnið með ýmsum aðilum til að ýta undir framþróun og prófanir á föngunarlausnum þeirra. Í lok árs 2024 var tilkynnt um samstarf Rio Tinto og Hydro til 5 ára í þeirri von að sameiginlega sé hægt að vinna hraðar að því að finna hentuga föngunarlausn fyrir áliðnaðinn. Rio Tinto á Íslandi er þátttakandi í þessu samstarfi og Straumsvík hugsuð sem staðsetning fyrir tilraunaföngun þegar verkefnið kemst á það stig.

Með áframhaldandi samstarfi við Carbfix eru einnig í skoðun möguleikar til föngunar og förgunar í nágrenni Straumsvíkur. Markmið til 2030 er að setja upp tilraunaföngun og föngun í landi álversins.

Framvinda 2025	Aðgerðir 2026
Losun innan viðskiptakerfis með losunarheimildir	
<ul style="list-style-type: none">• Samstarf með Carbfix og við nokkur föngunartæknifyrirtæki til að kanna fýsileika þeirra tækni fyrir föngun CO2 frá kerskálum• Rafvæðingar á deigluhitun skautsmiðju• Rafvæðing mótahitunar á kubbahring	<ul style="list-style-type: none">• Áframhaldandi samstarf með Carbfix á leiðum til föngunar og förgunar og tæknifyrirtækjum í föngun• Áframhaldandi samstarf við Hydro um að greina og meta mögulegar tæknileiðir til kolefnisföngunar í álframleiðslu• Endurnýting varma til húshitunar
Losun sem fellur undir skuldbindingar íslenskra stjórnvalda	
<ul style="list-style-type: none">• Fjölgun hleðslustöðva fyrir starfsfólk• Fyrstu sérsmíðuðu farartækin (efnisbílar og ofnvinnslutæki) voru pöntuð og áætlað er að þau berist á fyrri hluta árs 2026.	<ul style="list-style-type: none">• Áframhaldandi rafvæðing smærri farartækja (<8t)• Fjölgun hleðslustöðva fyrir starfsmenn• Bætt skráning kælimiðla og könnun á umhverfisvænni kælimiðlum fyrir farartæki.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Ágætur árangur hefur náðst á liðnum árum við að draga úr þeirri losun sem heyrir undir ábyrgð Íslands. Stærsti liður í þeirri losun er vegna notkunar á dísilolíu á farartæki fyrirtækisins. Frá 2018 hafa **rafknúin farartæki** ávallt verið fyrsti kostur við endurnýjun, séu slík tiltæk. Stærsti hluti smærri farartækja (< 8t) er nú orðinn rafknúinn. Eftir eru stærra sérsníðuðu farartækin, sem eru um þriðjungur af farartækjafloða fyrirtækisins, en þau hafa hingað til ekki verið framleidd sem rafmagnsfarartæki. Árið 2024 hófst verkefni sem snýr að því að hanna og fjárfesta í fyrstu rafknúnu sérsníðuðu farartækjunum fyrir Rio Tinto á Íslandi og hlaut fyrirtækið til þess styrk frá Orkusjóði. Þrjú slík rafknúin tæki voru pöntuð árið 2025, með áætlaðri afhendingu á fyrri hluta árs 2026. Markmið fram til 2030 er að draga úr losun frá vinnuvélum um 600 tonn.


Tilraunir með notkun á 100% **lífeldsneyti** hafa verið framkvæmdar á tveimur sérsníðuðum farartækjum kerskála og steypuskála. Gengu þessar tilraunir vel og gáfu góð svör um hvaða tækifæri eru fyrir notkun þess á þau stærra tæki sem mögulega næst ekki að rafvæða eða þar til þau verða endurnýjuð.

Bætt skráning **kælimiðla** og útskipti í umhverfisvænni kælimiðla hefur gengið vel. Markmið fram til 2030 er að draga úr losun um 80 tonn miðað við árið 2015. Þá er stöðugt unnið að því að draga úr urðun úrgangs. Frá árinu 2015 hefur tekist að draga úr losun sem heyrir undir ábyrgð Íslands um **rúm 650 tonn**.

Þegar losun er metin út frá lífsferilsgreiningu, það er frá bákíti til fullunninna bolta úr steypuskála, nemur losunin **4,5 tonnum** CO₂-ígilda á hvert framleitt tonn af áli, miðað við losunartölur ársins 2023. Unnið er að því að uppfæra þessa útreikninga.

Árið 2025 keypti móðurfélagið, Rio Tinto, upprunavottorð sem gerir álverinu í Straumsvík kleift að skrá enga losun í umfangi 2. Ákvörðun Rio Tinto um að kaupa upprunaábyrgðir fyrir losun í Straumsvík skýrist af breyttri aðferðafræði fyrirtækisins varðandi hvernig gerð er grein fyrir losun vegna umfangs 2. Rio Tinto notar núna eingöngu markaðstengda losun sem þýðir að ekki er horft til raunverulegs uppruna orkunnar heldur hvaða upprunaábyrgð býr að baki. Upprunaábyrgðirnar eru keyptar í gegnum AIB og eiga þær uppruna sinn hjá framleiðendum endurnýjanlegrar orku á meginlandi Evrópu.

Losun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir ábyrgð Íslands



Úrgangur og varasöm efni

Meirihluti úrgangs sem fellur til hjá fyrirtækinu er **endurunninn** eða **endurnýttur**, en ávallt er haft að leiðarljósi að draga úr myndun úrgangs eins og kostur er. Mikil endurvinnsla fer fram innan svæðisins og sem dæmi er allur afskurður af boltum endurbreiddur í steypuskála. Helstu úrgangsefni sem myndast vegna framleiðslunnar eru skautleifar, kerbrot og álgjall.


Árið 2017 var sett markmið til næstu tíu ára um að **draga úr myndun framleiðsluúrgangs** og er það hluti af stefnumörkun stjórnvalda um úrgangsforvarnir. Markmið fyrirtækisins er að myndun framleiðsluúrgangs fari úr 144 kg/t ál, sem er meðaltal árána 2010 til 2017 niður í 139 kg/t ál árið 2027.

Góður árangur náðist á árinu 2025 eða 112 kg/t ál en árangurinn getur verið mjög sveiflukennður milli ára. Þennan góða árangur má aðallega rekja til betri nýtingu skauta en með betri nýtingu verða skautleifar, sem eru sendar utan til endurvinnslu, minni. Stöðugt er unnið að því að lengja líftíma kera og draga þannig úr myndun kerbrota, en þau eru urðuð.

Markvisst hefur verið unnið að því að draga úr blönduðum úrgangi og **bæta flokkun**. Sem dæmi má nefna hefur betri flokkun náðst á lífrænum úrgangi með því að fjölga ílátum fyrir lífrænan úrgang á athafnasvæðinu. Einnig hefur flokkun á plasti aukist auk þess sem gert er við löskuð timburbretti og fá þau þannig nýtt líf. Blandaður úrgangur lækkaði um 11% á milli ára, fór úr 102 tonnum árið 2024 í 91 tonn árið 2025.

Stöðugt er unnið að því að **draga úr notkun hættulegra efna** eins og sjá má í töflu fyrir Grænt bókhald.


Meðhöndlun úrgangs 2025



Vatnsnotkun

Vatn er mikilvæg auðlind í starfsemi Rio Tinto á Íslandi og er nýtt fyrst og fremst til **kælingar** í framleiðsluferlinu. Vatnið kemur úr einum stærsta grunnvatnsstraumi landsins sem rennur til sjávar í Straumsvík og fer vatnstaka fram á grundvelli nýtingarleyfis fyrir grunnvatn sem gefið er út af Umhverfis- og orkustofnun. Vatnstakan hefur **hverfandi áhrif** á grunnvatnsstrauminn og er stýrt með það að markmiði að tryggja sjálfbæra nýtingu og vernd vatnsauðlinda.

Vöktun grunnvatns fer fram samkvæmt umhverfisvöktunaráætlun sem samþykkt er af Umhverfis- og orkustofnun. Árið 2025 voru gerðar mælingar á grunnvatni og reyndust allar niðurstöður **innan gildandi viðmiðunarmarka**.



Frárennsli og hávaði

Meðhöndlun og vöktun frárennslis er hluti af reglubundnu umhverfiseftirliti álversins.

Frárennslisvatn er hreinsað með tvennum hætti áður en það er leitt til sjávar. Annars vegar í rotþróum og hins vegar í olíu- og fitugildrum. Reglulegt eftirlit er með þeim og þær tæmdar eftir þörfum.

Sýni af frárennsli eru tekin ársfjórðungslega í öllum útrásum. Niðurstöður mælinga á milli mánaða eru mjög svipaðar. Niðurstöðurnar má sjá í töflunni yfir grænt bókhald. Allar mælingar voru innan viðmiðunarmarka í starfsleyfi.

Hávaði frá álverinu er mældur árlega á 16 mælipunktum á lóðamörkum fyrirtækisins. Helstu hávaðauppsprettur eru súráslöndunarbúnaður og þurrhreinsistöðvar og eru mælingar framkvæmdar á meðan súráslöndun er í gangi. Hávaði við lóðamörk mældist innan viðmiðunarmarka í starfsleyfi ([sjá töflu](#) um Grænt bókhald).



Umhverfisatvik

Mikil áhersla er lögð á að **skrá umhverfistengd atvik** þannig að hægt sé að bregðast við þeim og koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Flestar tilkynningar eru vegna smávægilegra atvika svo sem að flokkun úrgangs sé ábótavant, smávægilegra leka sem eru innandyra eða þekjubúnaðar sem ekki er nægjanlega þéttur.

Alvarlegustu atvikin eru tilkynnt til Umhverfis- og orkustofnunar. Á árinu 2025 voru **átta tilkynningar** sendar inn. Sex atvik tengd þurrhreinsistöðvum, öll vegna stöðvana. Lengsta stöðvun stóð í um það bil eina klukkustund. Að auki var send tilkynning vegna tveggja olíuleka þar sem ekki var hægt að útiloka að olía hefði borist í niðurföll.

Ekkert atvikanna sem urðu á árinu 2025 voru frávik frá starfsleyfi og voru afleiðingar þeirra litlar. Atvikin voru rannsökuð og gripið til úrbóta til að fyrirbyggja að þau endurtækju sig.



Vöktun: Flúor

Loftgæði eru vöktuð á Hvaleyrarholti og í Lónakoti. Auk loftgæðamælinga eru tekin sýni af gróðri (barnálum, laufi og grasi) og flúorinnihald mælt, en flúor getur haft skaðleg áhrif á gróður og grasbíta.


Flúor er mældur í gróðri á skilgreindum stöðum í nágrenni álversins og er viðmiðunarsýni tekið í Skorradal. Mælt er flúorinnihald í grasi, laufi og barri. Árið 2025 voru tvö eldgos á Reykjanesi en vegna flúors sem fylgir eldgosum geta þau haft áhrif á niðurstöður mælinga.

Flúorinnihald í grassýnum er nálægt meðaltali miðað við tímabilið frá 1992, en lægra en árið 2024. Meðaltal fyrir árið 2025 var 4 ppm. Öll gildi eru lægri en viðmiðunargildi fyrir hámarksinnihald flúors í fóðri (30 ppm).

Magn flúors í laufsýnum var hátt ef miðað er við tímabilið frá 1992 en öll gildi eru þó undir þolmörkum fyrir lauftré sem eru 200 ppm. Meðaltal árið 2025 fyrir lauf er 16 ppm og var hæsta gildið 67 ppm sem mældist að hausti 1,6 km SV af álverinu.

Flúor í barrsýnum er undir meðaltali árána 1992 – 2025. Þolmörk barrtrjáa eru 30–100 ppm eftir tegund og var eitt sýni yfir þeim mörkum en það var 46 ppm og mældist í tveggja ára barnálum frá Gerði.

Frekari niðurstöður er að finna í skýrslu Matís: Flúormælingar í gróðri í umhverfi – Rio Tinto á Íslandi, Mæligögn 2025, sem nálgast má á heimasíðu fyrirtækisins.



Vöktun: brennisteinsdíoxíð

Loftegæði á Hvaleyrarholti og í Lónakoti eru almennt góð. Í heild mörkuðust mælingar ársins 2025 af eldgosi við Stóra-Skógfell 16. júlí til 5. ágúst. Á því tímabili mældust hæstu gildin, en utan góstmabilsins voru mæligildi lægri og **innan heilsuverndarmarka**.



Á mælistöðinni á Hvaleyrarholti var ársmeðaltal brennisteinstvíoxíðs $3,0 \mu\text{g SO}_2/\text{m}^3$ sem er vel undir gróðurverndarmörkum $20 \mu\text{g SO}_2/\text{m}^3$ en yfir meðallagi undanfarinna ára. Hæsta dagsmeðaltal SO_2 mældist $400,3 \mu\text{g}/\text{m}^3$, sem er yfir heilsuverndarmörkum ($125 \mu\text{g}/\text{m}^3$). Þessi styrkur mældist 21. júlí við norð- og vestlægar vindáttir. Sama dag fór klukkustundarmeðaltal SO_2 upp í $2.285,6 \mu\text{g}/\text{m}^3$, sem er einnig yfir heilsuverndarmörkum fyrir klukkustundarmeðaltal ($350 \mu\text{g}/\text{m}^3$).

Á mælistöðinni í Lónakoti var ársmeðaltal brennisteinstvíoxíðs $0,6 \mu\text{g SO}_2/\text{m}^3$. Hæsta dagsmeðaltal mældist $123,0 \mu\text{g SO}_2/\text{m}^3$ þann 21. júlí í hægum norð- norðaustlægum vindi og hæsta klukkustundarmeðaltal mældist $929,0 \mu\text{g SO}_2/\text{m}^3$ þann 21. júlí.

Ársmeðaltal utan góstmabils var $1,3 \mu\text{g}/\text{m}^3$ á Hvaleyrarholti og $0,05 \mu\text{g}/\text{m}^3$ við Lónakot.

Meðaltöl flúors voru svipuð og undanfarin ár. Meðaltalið fyrir gaskenndan flúor, reiknaðan sem HF var $0,02 \mu\text{g HF}/\text{m}^3$ og er vel undir gróðurverndarmörkunum $0,3 \mu\text{g HF}/\text{m}^3$. Hæsta mæligildi var $0,14 \mu\text{g HF}/\text{m}^3$ og mældist á tímabilinu 20. – 24. júlí. Eldgos á Reykjanesi kunna að hafa áhrif á flúormælingar á árinu.

Frekari niðurstöður er að finna í skýrslu Matís: Umhverfisvöktun Hvaleyrarholti og Lónakoti, Mælingar í lofti, Mæligögn 2025 sem er aðgengileg á heimasíðu fyrirtækisins.



Grænt bókhald 2020 – 2025

	Mælieining	2021	2022	2023	2024	2025	Markmið 2025
Framleiðslan							
Framleiðsla í kerskálum	tonn	202.811	202.268	208.830	202.070	202.500	
Hráefna og auðlindanotkun							
Raforka	GWst	3.170	3.183	3.270	3.204	3.244	
Súrál	tonn	388.384	387.343	399.910	386.963	387.788	
Rafskaut	tonn	82.880	84.004	86.338	81.795	82.489	
Flotaolía (DMA)	tonn	2.702	1.325	121	-	-	
Dísilolía	tonn	497	521	499	501	462	
Próþangas	tonn	56	593	1.159	1.208	1.029	
Kalt vatn	m ³ /t Al	48,5	44,8	49,9	59,2	58,7	
Notkun varasamra efna							
Kerviðgerðarefni	tonn	2,3	2,8	1,7	2,3	2,9	
Kragasalli	tonn	1.641	1.887	2.158	2.159	2.154	
Losun í andrúmsloft							
Heildarflúorið	kg/t Al	0,42	0,50	0,55	0,47	0,58	0,5
Ryk	kg/t Al	0,49	0,72	0,82	0,82	0,92	1,0
Ryk frá Steypuskála	mg/Nm ³			16	21,0	18,6	25,0
Brennisteinstvíoxíð	kg/t Al	13,9	13,9	14,4	13,7	14,5	16,0
Þar af frá skautum	kg/t Al	13,5	13,7	13,9	13,6	14,4	15,0
Þar af frá súráli	kg/t Al	0,4	0,20	0,52	0,13	0,08	
Þar af frá jarðefnaeldsneyti	kg/t Al	0,02	0,01	0,004	0,003	0,002	
Losun gróðurhúsalofttegunda²⁾							
Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda (umfang 1 og 2)	tonn	345.347	347.465	353.641	336.936	336.725	
Gróðurhúsalofttegundir innan ETS (umfang 1) ¹⁾	t/t Al	1,53	1,547	1,53	1,52	1,53	1,55
Þar af CO ₂ frá skautum	t/t Al	1,47	1,492	1,48	1,48	1,49	
Þar af flúorkolefni (PFC)	t/t Al	0,025	0,026	0,025	0,023	0,024	
Þar af CO ₂ frá jarðefnaeldsneyti	t/t Al	0,043	0,029	0,019	0,018	0,015	
Gróðurhúsalofttegundir utan ETS (umfang 1 og 2)	tonn	1.649	1.726	1.626	1.594	1.573	1.650
Þar af frá vinnuvélum og ökutækjum (umfang 1)	tonn	1.584	1.689	1.577	1.558	1.521	
Þar af frá kælimiðlum (umfang 1)	tonn	65	37	49	35	52	
Frá raforku (umfang 2) ³⁾ (staðbundin losun)	tonn	32.655	32.782	33.679	27.361	24.917	
Frá raforku (umfang 2) ³⁾ (markaðstengd losun)	tonn				5.286	5.418	
Brennsla og urðun úrgangs (umfang 3)	tonn	75	86	114	70	6	

1) Viðskiptakerfi Evrópu með losunarheimildir (ETS)

2) Umfang 1 er bein losun frá starfseminni, umfang 2 er óbein losun vegna hitunar eða rafmagns, umfang 3 er önnur óbein losun

3) Losunarstuðull frá Umhverfisstofnun

Grænt bókhald 2020 – 2025

	Mælieining	2021	2022	2023	2024	2025	Markmið 2025
Losun í frárennsli							
Olía og fita	mg/l	<2-6	<2-9	<2-9	<2-6	<2-13	<15
Ál	mg/l	0,04-0,08	0,01-5	0,01-0,17	<0,01-0,13	<0,02-0,11	<20
Flúoríð	mg/l	0,14-0,61	0,05-18	0,05-3,5	<0,2-2,6	2-3	<50
Svífagnir	mg/l	<2-3	1-63	<2-19	<2-5	<2-7	<50
Úrgangsmál							
Almennur úrgangur							
Endurrunnið/endurnýtt	Tonn	18.390	17.715	17.831	19.346	18.237	
Brennd með orkunýtingu	Tonn			176	183	226	
Urðað utan svæðis	Tonn	454	586	672	183	151	
Spilliefni							
Endurrunnið	Tonn	3.398	3.146	3.163	3.071	2.861	
Þar af álgjall	Tonn	3.380	3.114	3.112	2.993	2.824	
Brennd án orkunýtingar	Tonn	37	42	30	28	21	
Brennd með orkunýtingu	Tonn			12	2	67	
Urðað utan svæðis	Tonn	0,59	0,66	0,44	2,21	0,68	
Urðað í flæðigryfjur	Tonn	5.082	4.816	3.489	3.600	4.751	
Þar af kerbrot	Tonn	4.563	4.436	3.231	3.270	4.456	
Hávaði og umhverfisatvik							
Hávaði við lóðamörk (lægsta-hæsta)	dB	58,2-69,1	47,7-65,6	55-65,9	57,1-68,2	56,2-65,8	<70
Frávik frá starfsleyfi í árslok	Fjöldi	0	0	0	0	0	0

Orkunotkun

Orkunotkun er lykilþáttur í starfsemi álversins í Straumsvík og forsenda öruggrar og hagkvæmrar framleiðslu. Áhersla er lögð á ábyrga orkustjórnun, reglulegar greiningar orkunotkunar og stöðugar umbætur í orkunýtni.

Á árinu 2025 var orkustjórnarstefna formlega innleidd sem felur í sér skýra áherslu á orkunýtni, lágmörkun orkusóunar og líftímamat búnaðar. Dæmi um verkefni á þessu sviði er endurnýting varma frá framleiðsluferlum til húshitunar.

Orkustjórnun er hluti af samþættu stjórnkerfi fyrirtækisins og innri úttektum. Jafnframt er unnið markvisst að innleiðingu orkustjórnunar í samræmi við ISO 50001, með áform um úttekt á árinu 2027.

Orkustjórnun gegnir jafnframt mikilvægu hlutverki í tengslum við viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir (ETS), þar sem auknar kröfur eru gerðar um markvissar aðgerðir í orkunýtni sem forsenda þess að fyrirtæki geti nýtt fríúthlutun losunarheimilda til fulls.

	Eining	2022	2023	2024	2025
Keypt raforka	MWh	3.183	3.270	3.204	3.244
DC notkun kerskála 1	MWh	2.948	3.030	2.968	3.049
Önnur raforka	MWh	234	240	236	195
Önnur orka					
LP Gas (tonn)	Tonn	593	1.159	1.208	1.029
DMO fyrir ofna í steypuskála	Tonn	1.325	121	0	0
Dísil olía fyrir steypuskála	Tonn	0	3	0	0
Dísil olía fyrir kyndistöð 2	Tonn	0	10	22	0
Dísil olía fyrir hafnarkrana 3	Tonn	0	0	0	7
Dísil olía á fartæki	Tonn	522	487	479	462
Lífdísil olía á fartæki	Lítrar	0	0	13.747	0
Dísil á bíla ISAL (lítrar)	Lítrar	2.126	2.092	2.031	2.146
Bensín (lítrar)	Lítrar	379	201	1.239	1.532

Starfsfólkið

Rekstur Rio Tinto á Íslandi byggir á framúrskarandi starfsfólki þar sem fjölbreytileiki, jafnrétti og mannréttindi eru höfð að leiðarljósi



Fólkið í Straumsvík

Mikilvægasta auðlind fyrirtækisins er hæft, áhugasamt og jákvætt starfsfólk sem skapar **öruggan og eftirsóknarverðan vinnustað** þar sem fjölbreytileiki og jafnrétti er haft að leiðarljósi. Mikið er lagt upp úr því að hafa framúrskarandi starfsfólk og áhersla er á starfsþróun og þjálfun í starfi.

Fjöldi starfsfólks hjá Rio Tinto á Íslandi var 381 í árslok 2025 í 372 starfsgildum. Þar af voru 76% karlar og 24% konur sem er hæsta hlutfall kvenna hjá fyrirtækinu hingað til. Enginn einstaklingur var með skráð hlutlaust kyn í þjóðskrá. Í framkvæmdastjórn sitja sjö einstaklingar; tvær konur og fimm karlar.

Stærstur hluti starfsfólks fylgir kjarasamningi milli Rio Tinto á Íslandi og hlutaðeigandi verkalýðsfélaga: Verkalýðsfélagsins Hlífar, VM, FIT, Rafiðnaðarsambands Íslands og VR.


Sérfræðingar og stjórnendur eru með einstaklingsbundna samninga sem taka mið af launa- og frammistöðumatskerfi Rio Tinto og samningum á íslenskum vinnumarkaði.

Af nýráðningum ársins 2025 voru 36% konur og 64% karlar ef ráðningar sumarstarfsfólks eru undanskildar. Séu sumarráðningar teknar með er hlutfall kvenna 44% af nýráðningum ársins.


Á árinu 2025 voru ráðnir 129 einstaklingar í sumarafleysingar og var hluti endurkomustarfsfólks 36%. Af nýráðnu sumarstarfsfólki voru 49% konur en 51% karlar.

Starfsmannavelta árið 2025 var 6,7%.

Fjöldi starfsfólks eftir kyni og aldri 2025



Nýráðningar eftir kyni og aldri, - án sumarstarfsfólks




Fólkið í Straumsvík

Velferð starfsfólks og fjölskyldna þeirra skiptir fyrirtækið miklu máli þar sem báðir foreldrar taka sameiginlega ábyrgð á nýjum fjölskyldumeðlimum. Starfsfólk sem fer í fæðingaorlof nýtur aukins stuðnings frá fyrirtækinu umfram það sem Fæðingaorlofssjóður býður upp á. Árið 2022 var stuðningurinn aukinn verulega og fær starfsfólk **fæðingastyrk í 18 vikur** í stað 6. Styrkurinn samanstendur af fullum reglulegum launum og heimilt er að taka út réttinn í allt að 24 mánuði frá fæðingu barns.

Áhersla er lögð á að skapa starfsumhverfi þar sem starfsfólki þykir eftirsóknarvert að snúa aftur til baka á vinnustaðinn að loknu fæðingaorlofi. Á árinu 2025 fóru sautján einstaklingar í fæðingaorlof. Í árslok höfðu ellefu þeirra snúið aftur til starfa en sex voru enn í fæðingaorlofi.

Fjöldi í fæðingaorlofi



Jafnrétti

Stefna Rio Tinto á Íslandi er að skapa eftirsóknarverðan vinnustað þar sem **fjölbreytileiki og jafnrétti** er haft að leiðarljósi. Stefnan stuðlar að jafnrétti kynja, þar með talið að greidd séu sambærileg laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Markmið jafnréttis- og jafnlaunastefnu Rio Tinto á Íslandi er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum starfsfólks þannig að reynsla, þekking og hæfileikar þeirra nýtist sem best. Við fylgjum í einu og öllu lögum, reglum og kjarasamningum um jafnrétti og kjör starfsfólks. Stefna þessi nær til og er kynnt öllu starfsfólki. Í jafnréttisáætlun er að finna lýsingu aðgerða sem stuðla að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum.

Við fögnum fjölbreytileikanum og drögum fólk ekki í dilka eftir kyni, aldri, trú, útliti eða neinu því sem greinir okkur að. Fjölbreyttur vinnustaður er góður vinnustaður og þannig viljum við að Rio Tinto á Íslandi sé.


Við teljum að koma eigi fram við alla af **virðingu**. Yfirgangur, ógnun eða hótun af hvers kyns tagi er ekki ásættanleg á okkar vinnustað. Til að vinna að framgangi þessa málaflokks er starfandi eineltisteymi og fagræð um vellíðan á vinnustað.

Rio Tinto á Íslandi hefur verið vottað samkvæmt **jafnlaunastaðlinum** ÍST 85:2012 síðan 2019. Samkvæmt staðlinum ber fyrirtækjum að framkvæma **árlega launagreiningu** ásamt því að leggja fram úrbætur ef launagreining ber með sér niðurstöðu um óútskýrðan launamun.

Niðurstaða úr launagreiningu í janúar 2026 var að einungis er **0,35% óútskýrður launamunur** konum í vil. Skýringarhlutfallið er 96,3% sem þýðir að einungis 3,5% launadreifingar heildarlauna er óútskýrð.

Markmið fyrirtækisins er að hlutfall þess kyns sem minna er af í hverjum starfaflokki sé að lágmarki 20%. Þessu markmiði hefur verið náð að hluta en það er áskorun sérstaklega meðal iðnaðarmanna, enda hafa fáar konur valið nám í til dæmis vélvirkjun og bifvélavirkjun. Þá er ánægjulegt að sjá fjölgun kvenna í flokki verkstjóra.

Kynjahlutföll stjórnenda og starfsfólks



Mín framtíð

Mín framtíð er vettvangur þar sem nemendum í 9. og 10. bekk grunnskóla býðst að kynna sér mögulegar náms- og starfsleiðir. Rio Tinto á Íslandi tók þátt í viðburðinum í samstarfi við Iðuna fræðslusetur. Markmið og tilgangur var að kynna **iðngreinar**, sérstaklega **vélvirkjun** og **vélstjórn** og vekja áhuga ungs fólks á störfum sem skipta lykilmáli fyrir íslenskan iðnað til framtíðar. Sjö vélvirkjar úr Straumsvík tóku þátt í viðburðinum í þrjá daga og miðluðu af þekkingu sinni og reynslu til ungmenna, kennara og foreldra.

Þetta var í fyrsta sinn sem Rio Tinto á Íslandi tók þátt í **Mín framtíð** með jafn markvissum hætti ásamt því að vera silfur-styrktaraðili viðburðarins. Með þátttökunni er lögð áhersla á að styrkja **tengsl við menntakerfið** og auka sýnileika iðngreina.

Þátttakan er hluti af langtímasýn fyrirtækisins um að styðja við menntun, starfsþróun og sjálfbæra nýliðun í iðnaði auk þess að kynna álverið og störf þar. Með virkri aðkomu að samfélagsverkefnum sem þessum er lagður grunnur að auknum áhuga á fagmenntun, auk þess sem álverið í Straumsvík er kynnt sem ábyrgur og **eftirsóknarverður vinnustaður**.



Tengsl við fyrrverandi starfsfólk

Rio Tinto á Íslandi leggur áherslu á að viðhalda sterkum tengslum við starfsfólk sem hefur hætt störfum vegna aldurs. Mörg þeirra störfuðu í Straumsvík um áratugaskeið og lögðu sitt af mörkum til að gera fyrirtækið að því sem það er í dag.

Mikilvægur liður í því er að bjóða **fyrrum starfsfólki** í **árlega haustferð** sem gefur tækifæri til samveru, samtala og endurnýjaðra tengsla en ekki síst til að sýna þeim þakklæti í verki. Árlegt boð í **jólamat** í Straumsvík stuðlar einnig að því að viðhalda tengslunum, ekki síst þegar tækifæri gefst til að hitta fyrrum vinnufélaga sem enn eru við störf. Slík tengslamyndun er hluti af víðari sýn ISAL um samfélagslega ábyrgð og mannlega þætti sjálfbærni. Með því að rækta tengsl við fyrrum starfsfólk er stuðlað að trausti, samhug og uppbyggilegri fyrirtækjamenningu sem byggir á virðingu og langtímasamböndum.

Þátttaka í haustferðinni fer vaxandi ár frá ári sem endurspeglar þann **jákvæða hug** sem fyrrum starfsfólk ber til síns gamla vinnustaðar, jafnvel mörgum árum eftir að formlegu starfsferli lauk.

Haustferðin 2025 var farin miðvikudaginn 27. ágúst og hófst að venju með morgunverði í Straumsvík. Þaðan var haldið í Elliðaárstöð og svæðið þar um kring skoðað í fallegu veðri. Úr Elliðaárdalnum var farið á handritasýningu í Eddu, hús íslenskunnar, og Loftskýtastöðina á sýningu um frú Vigdísí Finnbogadóttur. Að þeim heimsóknnum loknum var haldið í Hörpu, snæddur hádegisverður, hlýtt á fagra tóna þeirra Ingibjargar Fríðu Helgadóttur og Sigurðar Einarssonar og vel heppnaðri ferð var síðan fagnað með samsöng í lokin í Eldborg.



Mannréttindi

Rio Tinto virðir og styður **velsæld** og **mannréttindi** alls fólks í þeim samfélögum sem það býr í og vinnur, starfsfólks fyrirtækisins sem og annarra. Leitað er tækifæra til að styðja við og hafa jákvæð áhrif á mannréttindi. Það þýðir að áhersla er lögð á fólk og réttindi þess í allri ákvarðanatöku.

Fyrirtækið væntir þess að samstarfsaðilar og fyrirtæki sem átt er í samstarfi við **virði alþjóðlega viðurkennd mannréttindi**. Einnig er þess vænt að birgjar og verktakar virði alþjóðlega viðurkennd mannréttindi.

Rio Tinto á Íslandi framkvæmir sérstakt **áhættumat** og **greiningu** á því hvernig starfsemin getur haft áhrif á mannréttindi, samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum mælikvörðum. Áhættumatið er yfirfarið og endurmetið á hverju ári með það fyrir augum að styðja við áherslur í mannréttindamálum.

Nánari upplýsingar um stefnu og áherslur Rio Tinto í mannréttindamálum má finna á vefsíðu móðurfélagsins **hér**. Siðareglur fyrirtækisins, **Þannig vinnum við**, taka einnig til mannréttinda og hvernig við hegðum okkur í samræmi við gildi. Siðareglurnar má finna á vefnum www.riotinto.is.



Persónuvernd

Rio Tinto á Íslandi kappkostar að tryggja **vernd persónuupplýsinga** og að vinnsla þeirra sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Í persónuverndarstefnu fyrirtækisins er fjallað um hvers vegna fyrirtækið safnar persónuupplýsingum og hvernig þær eru meðhöndlaðar. Persónuverndarstefnan byggir á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuupplýsingar eru sérhverjar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling; þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings.

Vinnsla persónuupplýsinga vísar til aðgerðar eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki.

Skipta má persónuupplýsingum sem Rio Tinto á Íslandi vinnur með í tvo flokka: **starfsfólk** og **umsækjendur** um starf annars vegar og **utanaðkomandi** aðila, s.s. verktaka og viðskiptavini hins vegar. Hægt er að kynna sér persónuverndarstefnu fyrirtækisins frekar á vefnum www.riotinto.is.

Einstaklingar geta haft samband við fulltrúa fyrirtækisins vegna persónuverndar um öll mál sem tengjast persónuupplýsingum þeirra og hvernig þeir geta neytt réttar síns.

Hægt er að hafa samband á netfanginu personuvernd@riotinto.com



Hinsegin vottaður vinnustaður

Eftir riflega árs undirbúning, fræðslu og úttektir fékk Rio Tinto á Íslandi staðfesta vottun sem **hinseginvænn vinnustaður** frá Samtökunum '78 í desember 2024. Fyrirtækið er meðal fyrstu fyrirtækja á Íslandi sem hlýtur þessa vottun. Hinsegin vottunin felur í sér fræðslu fyrir starfsfólk og úttekt á vinnustaðnum þar sem farið hefur verið yfir allar stefnur, aðstöðu starfsfólks, auglýsingar, ráðningaferli og fleira.

Virkt **samstarf** milli Rio Tinto á Íslandi og Samtakanna '78 heldur áfram þótt vottunin sé staðfest. Samstarfið felst í því að skapa vettvang fyrir umræðu og upplýsingaöflun sem og miðlun fræðslu, rannsókna og þróunarstarfs í málefnum hinsegin fólks.

Báðir aðilar eru sammála um að gera þarf meira til að bæta **sýnileika og stöðu hinsegin fólks** á vinnumarkaði. Umræðan síðustu misserin hefur aukinheldur sýnt að öll þurfa að leggjast á eitt til að bregðast við bakslagi í réttindum hinsegin fólks.



Fræðsla

Fræðslustundir ársins 2025 voru **9.054** og jafngildir það því að allt starfsfólk hafi hlotið að meðaltali 25 klukkustundir í þjálfun á árinu. Fræðsla, endurmenntun og reglubundin þjálfun er hluti af daglegum störfum. Skipulögð þjálfun og fræðsla fer fram allt árið.

Árið 2025 var opnaður aðgangur að **vinnustaðaskóla Akademias** á Straumi, nýju samskipta- og fræðsluappi fyrirtækisins. Starfsfólk var hvatt til að sækja sér fræðslu og styðja með því við faglega og persónulega þróun sína. Á Straumi er einnig ýmiskonar skylduþjálfun eins og námskeiðin: *Þannig vinnum við*, *Umhverfisslys og hættuleg efni*, *Rafmagnshættur í Kerskála*, *Lásastjóranámskeið* ásamt allri fræðslu nýliða.

Ýmis **staðnámskeið** voru einnig í boði á árinu og má þar nefna námskeið um áhættumat, skyndihjálp og nýtt námskeið fyrir starfsfólk steypuskála sem vinnur við steypugryfju, en námskeiðið tók bæði á vinnu í hæð og lokuðu rými.

Áhersla hefur verið lögð á **íslenskukennslu** fyrir starfsfólk með annað móðurmál en íslensku. Markmiðið er að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir fólk með fjölbreyttan bakgrunn.

Í Straumsvík hefur **Stóriðjuskólinn** verið starfræktur frá árinu 1998. Markmið skólans er að auka verðmætasköpun og samkeppnisfærni, auðvelda innleiðingu breytinga og gera vinnustaðinn eftirsóknarverðari. Námið er hugsað til að efla þekkingu, öryggi og starfsánægju og auka möguleika á starfsmenntun og þróun í starfi. Í byrjun árs 2025 hófu sautján nemendur nám í grunnnámi Stóriðjuskólans.

Fjöldi þeirra sem hafa útskrifast úr grunnnámi eru 268 og eru 45% þeirra starfandi hjá fyrirtækinu í dag. Alls hafa 65 útskrifast úr framhaldsnámi og eru 74% þeirra starfandi í dag.



Nemendur úr framhaldsnámi Stóriðjuskólans að taka á móti Hvatningaverðlaunum Álklasans 2025

Fræðsla

Allt nýtt starfsfólk fær grunnfræðslu í heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismálum áður en það hefur störf. Mánaðarlega eru haldnir fundir sem allt starfsfólk sækir þar sem farið er yfir helstu atriði er varða **heilbrigðis-, öryggis-, umhverfis- og samfélagsmál**. Þar gefst einnig tækifæri til að ræða sértæk atriði sem eiga við hvert vinnusvæði fyrir sig. Vikulega er gefið út HSEC þema og er það góð leið til að skerpa á áherslum og koma skilaboðum til starfsfólks á kerfisbundinn hátt.

Starfsfólk getur sótt um formlega **styrki til náms**, annars vegar vegna háskólanáms með vinnu og hins vegar iðnnáms með vinnu. Á árinu 2025 fengu níu aðilar styrk til náms.

Starfsmannasamtal er hluti af starfsþróun almenns starfsfólks og luku 83% starfsfólks samtali árið 2025. Tilgangur starfsmannasamtala er að **efla liðsanda** og tryggja að kröfur, þarfir og væntingar stjórnenda og starfsfólks séu ljósar og að samráð sé haft um umbætur. Samtalið á að gefa starfsmanni og stjórnanda færi á að ræða verkefni, möguleg vandamál og aðgerðir til úrbóta. Það er jafnframt tæki starfsmanns til að hafa áhrif á eigið starf, hæfni, starfsþróun og fræðslu.

Frammistöðumatskerfi Rio Tinto er notað fyrir sérfræðinga og stjórnendur til að meta frammistöðu þeirra í starfi og mögulega starfsþróun og eru samtöl tekin tvisvar á ári.



Þjálfun í stöðugum umbótum

Á síðasta ári útskrifuðust tólf einstaklingar úr Green Belt námi, sem fyrirtækið stóð fyrir. Námskeiðið var þá haldið í fjórða sinn (2009, 2013, 2017 og 2024), en síðast hafði verið útskrifað úr Green Belt námi árið 2018.

Námskeiðin fóru fram í september og nóvember 2024 og lokaverkefni voru unnin í framhaldinu. Af þeim sem útskrifuðust voru ellefu þátttakendur úr síðasta námskeiðshópi og einn sem hafði setið fyrra námskeið en lauk verkefni nú.

Útskriftin markar ekki endapunkt heldur upphaf að markvissari umbótavinnu. Með Green Belt hæfni í farteskinu geta útskrifaðir þátttakendur tekið virkan þátt í að greina tækifæri, setja umbótaverkefni af stað og styðja við menningu stöðugra umbóta í þágu betri þjónustu, aukinna gæða og skilvirkari reksturs.

Hópur starfsfólks hefur nú útskrifast úr Green Belt þjálfun, sem er alþjóðlega viðurkennd aðferðafræði innan Lean Six Sigma. Markmiðið með þjálfuninni er að styrkja þátttakendur til að greina áskoranir í rekstri, mæla frávik og finna varanlegar lausnir sem bæta gæði, stytta afgreiðslutíma og draga úr soun.

Green Belt felur í sér verkfæri og vinnulag til að leiða umbótaverkefni með skýrri verkefnaskilgreiningu, gagnadrifinni greiningu og samræmdri ákvarðanatöku í teymi. Þátttakendur læra að kortleggja ferla, greina rót vandamála og prófa úrbætur á kerfisbundinn hátt, þannig að lausnir byggist ekki á tilfinningu heldur staðreyndum.



Útskriftarhópurinn sem lauk Green Belt þjálfun ásamt Rannveigu Rist

Heilbrigði

*Rio Tinto á Íslandi er umhugað um **heilsu** og **líðan** starfsfólks og leggur áherslu á að stuðla að heilbrigðu lífi sem veitir lífsfyllingu alla ævi.*

Markmiðið er að byggja upp gott og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem veldur ekki atvinnutengdum sjúkdómum og jafnframt að hvetja starfsfólk til að taka ábyrgð á eigin heilbrigði, bæði andlegu og líkamlegu.



Heilbrigði

Rio Tinto á Íslandi er umhugað um **heilsu** og **líðan** starfsfólks og leggur áherslu á „að stuðla að heilbrigðu lífi sem veitir lífsfyllingu alla ævi“. Markmiðið er að byggja upp gott og heilsusamlegt **vinnuumhverfi** sem veldur ekki atvinnutengdum sjúkdómum og jafnframt að hvetja starfsfólk til að taka ábyrgð á eigin heilbrigði, bæði andlegu og líkamlegu.

Árleg vöktun með tilliti til **álags** vegna efna, hávaða, titrings auk álags á stoðkerfi er mikilvægt skref í að tryggja heilsusamlegt vinnuumhverfi. Að jafnaði eru framkvæmdar 350 mælingar á mismunandi þáttum í vinnuumhverfinu árlega. Hið sama gildir um reglubundið heilsufarseftirlit þar sem lögð er áhersla á að fylgjast með áhrifum vinnuumhverfis á heilsu til dæmis öndunarfæri og heyrn auk almenns heilbrigðis.

Á hverju ári fara að jafnaði **300** starfsmenn í reglubundið heilsufarseftirlit sem framkvæmt er af hjúkrunarfræðingi og trúnaðarlækni á starfstöð í Straumsvík. Engin vinnutengd veikindi eða atvinnusjúkdómar voru tilkynntir á árinu.

Umbætur í vinnuumhverfi eru mikilvægar, sífellt þarf að hafa í huga hvernig hægt er að bæta þannig að draga megi úr álagi.

Árið 2020 var fyrst gerð **verkefnaáætlun til fimm ára**, en það er listi yfir **umbótaverkefni** sem hafa það að markmiði að draga úr álagi á starfsfólk. Til grundvallar voru áhættugreiningar og niðurstöður mælinga í vinnuumhverfi. Ellefu verkefnum var lokið á árinu 2025 sem lutu flest að því að draga úr álagi á stoðkerfi ásamt því að draga úr mengun.

Dæmi um verkefni sem lauk á árinu:

- Verklagi breytt við ýmsar mælingar, viðhald og þrif – dregur úr álagi á stoðkerfi
- Rafmagnsknúin tæki í stað dísil – dregur úr dísilmengun og hávaða.



Andleg líðan, kvíði og streita

Andleg líðan á vinnustað er í senn viðkvæmur og mikilvægur hluti heilbrigðismála. Til að auka vægi þess var hann gerður hluti af reglubundnu **heilsufarseftirliti** frá og með 2021. Starfsfólk er spurt um andlega líðan í vinnu, kvíða og streitu. Rúm 60% starfsfólks svaraði þessum spurningum í heilsufarseftirliti árið 2025.


Vinnutengdur **kvíði** eykst lítillega milli ára úr 5,6% í 5,9% þeirra sem svöruðu. Aðeins fleiri finna fyrir kvíða almennt nú en tvö fyrri ár eða 14,4% samanborið við 11,2% 2023. Vinnutengd streita dregst verulega saman milli ára en árið 2024 töldu 16,7% sig finna fyrir vinnutengdri streitu á móti 7,7% nú. Hið sama gildir um streitu almennt nú telja 14,5% sig finna fyrir streitu á móti 22,7% árið 2024.

Þeim sem **líður vel** í vinnunni fjölgaði milli ára eru nú 98,2% á móti 89,8% 2025. Samskipti eru áfram góð og engin breyting þar á milli ára. Þessa jákvæðu breytingu í vinnutengdum kvíða og streitu má mögulega rekja til opnun **Velferðartorgs** í september 2024. Þar gefst starfsfólki kostur á að sækja sér aðstoðar hjá fjölbreyttum hópi þaulreyndra og vottaðra sérfræðinga og hefur það mælst vel fyrir.

Rio Tinto á Íslandi leggur áherslu á vellíðan í vinnu og góðan starfsanda. Líður í því er að vera með **Fagrád um vellíðan á vinnustað** sem vinnur markvisst að því að koma í veg fyrir að einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni geti þrífist hjá fyrirtækinu. Hlutverk fagráðs er að sinna forvörnum, áhættugreiningum og fræðslu. Fagráðið skipa leiðtogar heilbrigðismála, fræðslumála og starfsmannaþjónustu.

Fagráðið stóð fyrir nokkrum verkefnum á árinu. Eftir nokkuð marga viðburði undanfarin ár var aðeins dregið úr stærri viðburðum þetta ár. Áhersla var lögð á **Gulan september** sem er tileinkaður vitundarvakningu um geðrækt og sjálfsvígsforvarnir, með upptöku og fræðslu. Þema vikunnar var nýtt til að koma skilaboðum á framfæri s.s. Fögnum fjölbreytileikanum, Sálfélagslegt öryggi, Virðing alla daga og Sálræn skyndihjálpi í gulum september.

Andleg líðan og streita



Öryggisverðlaun Rio Tinto

Árlega veitir Rio Tinto sérstök öryggisverðlaun sem kallast Rio Tinto Safety Awards. Verðlaunin eru æðsta viðurkenning sem starfsstöðvar geta hlotið fyrir framúrskarandi árangur, sterka leiðtogahæfni, virka þátttöku, traust ferli, markvissa stjórnun lykiláhættu og menningu sem byggir á stöðugum lærdómi og umbótum

Árið 2025 veitti Rio Tinto álverinu í Straumsvík (ISAL) sérstaka viðurkenningu, innan þessara verðlauna, fyrir framúrskarandi árangur þegar kemur að eignarhaldi á heilbrigðis- og umhverfisáhættum og stýringu þeirra.

Í niðurstöðu dómnefndar segir:

„Frá fyrstu úttekt á öryggisþroskalíkaninu (e. Safety Maturity Model) hjá ISAL hefur starfstöðin, stjórnendur og starfsfólk náð miklum þroska og sýnt fram á markvissa ábyrgð og stjórn á heilbrigðis- og umhverfisáhættum. Hæsta einkunn sem hægt er að fá fyrir einstaka kafla þroskalíkansins er 9 og tvö ár í röð hefur fyrirtækið hlotið þessa hæstu einkunn fyrir eignarhald og stjórn heilbrigðis- og umhverfisáhætta, eina fyrirtækið sem hefur náð þeim árangri og þar með leiðandi innan samsteypunnar. Árangurinn má meðal annars rekja til þess að hindranir milli deilda hafa verið brotnar niður sem hefur eflt framúrskarandi samstarf“

Þetta er mikil viðurkenning fyrir allt starfsfólk álversins í Straumsvík sem leggur sig alla daga fram um að ná framúrskarandi árangri á svið heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismála.



Öryggi

Umhyggja er eitt af gildum fyrirtækisins. Það er hluti af því hver við erum og hvernig við störfum hverja vakt, hvern dag. Ekkert er mikilvægara en öryggi og velferð starfsfólks, verktaka og samfélagsins.



Öryggi

Sýn fyrirtækisins er sú að ekkert verk sé svo mikilvægt að fórna megi örygginu við framkvæmd þess. Skaðlaus vinnustaður er forsenda framúrskarandi árangurs.

Okkar sannfæring er að hægt sé að **fyrirbyggja** öll alvarleg atvik. Áhersla er lögð á að bera kennsl á, stýra og þar sem hægt er, útrýma hættu.

Kerfisbundið er borið kennsl á hættur í vinnuumhverfinu og fundnar leiðir til þess **koma í veg fyrir** eða **lágmarka áhættuna**. Gerð er áhættugreining fyrir öll vinnusvæði og störf og er hún einnig hluti af undirbúningi allra framkvæmda. Greining og stjórnun áhættuþátta er best tryggð með sameiginlegri nálgun hagaðila. Fulltrúar starfsfólks taka virkan þátt í gerð áhættugreininga og vinnulýsinga og á daglegum fundum er farið yfir helstu áhættur dagsins og stýringu á þeim.

Hjá Rio Tinto á Íslandi er starfandi **öryggisnefnd**. Nefndin er skipuð fulltrúum framkvæmdastjórnar fyrirtækisins, öryggisvörðum skipuðum af fyrirtækinu og kjörnum öryggistrúnaðarmönnum úr röðum starfsfólks. Öryggisnefndin er samskiptavettvangur þessara aðila í málum er lúta að heilbrigðis- og öryggismálum. Markmið hennar er að hittast fjórum sinnum á ári og fara yfir heilbrigðis- og öryggismál hjá fyrirtækinu, helstu áherslur og fleira tilfallandi.

Mjög góður árangur náðist varðandi **þátttöku stjórnenda** í öryggismálum ásamt upplýsingagjöf, viðurkenningu og endurgjöf. Ásamt fyrirkomulag vaktafunda og áhættustýringa. Einnig er lögð áhersla á að bæta skipulagningu vinnu með tilliti til öryggismála með sérstökum öryggisgátlistum fyrir starfsfólk. Líkanið tekur einnig sérstaklega til banaslysahætta en fyrir þær er notað kerfi sem kallast Critical Risk Management (CRM). Í því kerfi eru öryggisstýringar fyrir banaslysahættur rýndar sérstaklega og kannað hvort þær séu í lagi. Í CRM hefur allt starfsfólk hlutverki að gegna.

Leiðarvísir Rio Tinto á Íslandi í öryggismálum er **öryggisproskalíkan** (e. *Safety Maturity Model*) sem Rio Tinto gaf út árið 2019.

Líkanið inniheldur fjögur meginatriði:

- Virkni stjórnenda gagnvart öryggismálum
- Áhættustýringu
- Skipulagningu vinnu með tilliti til öryggismála
- Lærdóm og endurbætur

Áhersla er á að auka virkni stjórnenda gagnvart öryggismálum með meiri viðveru á vinnusvæðum og með áherslu á þjálfun og endurgjöf til verkstjóra. Árangur fyrirtækisins í öryggisproskalíkaninu árið 2025 var góður þar sem settu markmiði var náð.

Öryggi ferla og búnaðar (e. *Process Safety*) er sérstaklega miðað að stórslysavörnum. Þar er rýnt í verkferla og búnað í þeim tilgangi að koma auga á úrbætur til að fyrirbyggja sprengingar, efnaleka, elda og fleira sem gæti valdið banaslysum eða valdið rekstrarstöðvun með meiriháttar tjóni á mikilvægum búnaði.


Öryggi: slys og önnur öryggisatvik

Hjá álverinu í Straumsvík hefur lengi verið – og er enn – sterk **öryggismenning**. Starfsfólk er duglegt að senda inn tilkynningar um hættulegar aðstæður og atvik. Árið 2024 var Enablon atvikaskráningarkerfi tekið í notkun. Tilgangur þess er að auka skilvirkni og yfirsýn með atvikaskráningum, halda utan um atvik sem eru skráð, rannsaka atvik, stilla upp aðgerðum og fylgja eftir mögulegu úrbótum. Á árinu 2025 var unnið markvisst að því að byggja upp þekkingu á kerfinu og móta verklag við úrvinnslu atvika.

Árið 2025 bárust 530 tilkynningar frá starfsfólki. Af þeim voru 23 skyndihjálparslys, fjögur fjarveruslys og eitt meðferðaslys en engin þeirra voru alvarleg. Slysatiðni er gefin upp sem fjöldi slysa á hverjar 200.000 vinnustundir. Slysatiðni tekur til fjarveruslysa, meðferðarslysa og slysa sem geta valdið skertri vinnugetu og var tíðnin 1,2 árið 2025 og skýrist hækkunin vegna þeirra fimm slysa sem féllu í þennan flokk., sjá nánar í töflu hér að neðan.

	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Slysatiðni*	0,67	0,25	0,52	0,76	0,24	0,26	1,2
Fjöldi atvika	3	1	2	3	1	1	5

* Á hverjar 200.000 vinnustundir



Átak gegn handameiðslum

Handameiðsl eru algengasta tegund slysa hjá Rio Tinto á Íslandi sem og hjá móðurfélaginu, Rio Tinto. Í september 2025 var herferð hleypt af stokkunum í því skyni að draga úr handameiðslum.

Sú leið sem var farin var að **virka starfsfólk** til þátttöku, fá þau til að benda á leiðir til þess að takast á við helstu áhættur í starfseminni með fyrirbyggjandi hætti. Áratuga þekking og reynsla býr meðal starfsfólks sem þekkir vel sitt vinnuumhverfi og þann búnað sem notaður er daglega. Þessi þekking og reynsla er afar dýrmæt þegar kemur að því að koma auga á hagnýtar leiðir til að fyrirbyggja slys.

Ýmsar samskiptaleiðir og stafrænar lausnir voru nýttar til að **miðla lykilboðskap** um handameiðsl og stuðla að virkri þátttöku starfsfólks. Handameiðsl voru þema vikunnar, fundarefni á mánaðarlegum öryggisfundum og upplýsingaskjáir voru nýttir til miðlunar.

Starfsfólk var hvatt til þess að senda inn **tillögur** að því hvernig fyrirbyggja mætti handameiðsl og einföld stafræn lausn útbúin í þeim tilgangi að einfalda ferlið og stuðla að góðri þátttöku.

Alls bárust sautján tillögur um það hvernig mætti koma í veg fyrir handameiðsl. Dómnefnd valdi **bestu tillöguna**. Sú tillaga sem varð fyrir valinu snerist um að koma í veg fyrir klemmihættu við notkun klemmu til að færa sograna úr rekka yfir á vinnubekk. Klemmunni hefur nú verið breytt þannig að bolta var bætt við til að takmarka hreyfingu handfangsins, kemur þannig í veg fyrir að það lokist alveg og **útilokar þar með hættu** á að klemma hendur eða fingur. Þetta verk er framkvæmt á hverri vakt, sex hreyfingar þarf fyrir hvern sograna og yfirleitt eru teknir tveir til fjórir í einu. Það samsvarar um **13.140 til 26.280** skiptum á ári þar sem þessi klemmihætta hefur verið til staðar en er ekki lengur.


Hinar sextán tillögurnar voru ekki síður góðar og munu margar hverjar einnig verða innleiddar og stuðla þannig að því að fyrirbyggja handameiðsl.

Góð **þátttaka** og góðar **hugmyndir** er sterk vísbending um að starfsfólk er tilbúið til að taka áskorunum og hefur hugrekki til að kanna nýjar leiðir til að ná **betri árangri** og tryggja að starfsfólk snúi ávallt heilt heim.



Samfélag

Að starfa í sátt við umhverfi og samfélag er eitt af áherslumálum Rio Tinto á Íslandi. Í því felst meðal annars að sýna ábyrgð í starfseminni og gera ítarlega grein fyrir henni. Einnig að gefa þeim sem hagsmuna eiga að gæta af starfsemi fyrirtækisins tækni á að kynna sér hana, koma með athugasemdir og hafa þannig áhrif.



Rödd samfélagsins – Local Voices

Í ágúst 2025 fór fram könnun á vegum Rio Tinto á Íslandi sem kallast „**Local Voices**“ og er viðhorfskönnun í nærsamfélaginu. Verkefnið gengur út á að skilja sem best aðstæður og forgangsverkefni í samfélaginu og ná utan um viðhorf og traust til fyrirtækisins. Alls tóku 430 manns þátt í könnuninni.

Annars vegar er spurt hvort fólk **treysti** því að fyrirtækið starfi á ábyrgan hátt og hins vegar hversu **sátt** það er við Rio Tinto á Íslandi. Á skalanum 1-5 mælist traust til fyrirtækisins **3,68** en sáttin **4,01**. Til samanburðar er mælt traust til ýmissa annarra stofnana samfélagsins og þannig fæst sanngjarn mælikvarði miðað við önnur þekkt viðmið. Óhætt er að segja að niðurstöðurnar séu afar **jákvæðar** fyrir fyrirtækið og verða niðurstöður könnunarinnar eftir atvikum nýttar til að bæta enn frekar frammistöðu fyrirtækisins.

Til að fá fram niðurstöðurnar er horft til sex þátta sem drífa áfram **traust og sátt um starfsemina**: Að bregðast við ábendingum samfélagsins, farið eftir lögum, reglum og stöðlum, jákvætt efnahagslegt framlag, mótvægisáhrif vegna umhverfisþátta, aðgerðir til að hafa áhrif á vatn og vatnsgæði og sanngjörn dreifing ávinnings af starfsemi fyrirtækisins.

Einnig er lagt mat á það hversu sáttir og ánægðir íbúar eru með lífsgæði sín í samfélaginu. Niðurstöðurnar benda eindregið til þess að fólk **líði vel** í sínu nærumhverfi. Meðal annars er horft til öryggis, samgangna, velferðar og efnahagslegra þátta.

Sem hluti af könnuninni voru Björgunarsveit Hafnarfjarðar, Alheimersamtökunum og Parkinsonsamtökunum veittir **styrkir** samtals að upphæð einni milljón króna. Í könnunni gátu þátttakendur gátu valið hver þessara hópa hlyti styrk og skiptist upphæðin samkvæmt vali þátttakenda.

Könnunin, í minna umfangi, verður endurtekin haustið 2026.



Ratleikur Hafnarfjarðar


Undanfarin ár hefur Rio Tinto á Íslandi verið aðalstyrktaraðili Ratleiks Hafnarfjarðar. Ratleikurinn hefur verið haldinn frá 1996 og hefur í gegnum árin aukið mjög **áhuga fólks á útivist** í upplandi Hafnarfjarðar sem er líka allt næsta nágrenni og upplandið við álverið í Straumsvík. Ratleikur Hafnarfjarðar er leikur sem stendur yfir frá júní til september ár hvert.

Þátttakendur fá að **upplifa** áhugaverða staði, minjar, mannvistarleifar og jarðmyndanir og læra þannig að meta það sem finnst í næsta nágrenni okkar.

Þátttakendur eru á öllum aldri og sífellt fleiri **börn** taka þátt í leiknum með foreldrum sínum. Koma þátttakendur víða að. Lögð eru út 27 merki vítt og breitt um uppland Hafnarfjarðar, í bænum og jafnvel inni í nágrennasveitarfélögunum. Með vönduðu ratleikskorti, sem er þátttakendum að kostnaðarlausu, leita þátttakendur merkjanna og merkja við lausnarorð.

Öll sem skila lausnum eru með í útdrætti um Léttfeta, Göngugarp og Þrautakóng sem fá **vegleg verðlaun**. Auk þess eru mörg útdrátarverðlaun sem veitt eru á fjölmennri uppskeruhátíð leiksins.

Ratleikurinn hefur verið samstarfsverkefni Hönnunarhússins og Hafnarfjarðarbæjar frá 2007 en síðustu ár hefur Rio Tinto á Íslandi styrkt leikinn sérstaklega.



Samfélag

Að starfa í **sátt við umhverfi og samfélag** er eitt af áherslumálum Rio Tinto á Íslandi. Í því felst meðal annars að sýna ábyrgð í starfseminni, gera ítarlega grein fyrir henni og gefa þeim sem hagsmuna eiga að gæta tók á að kynna sér hana, koma með athugasemdir og hafa þannig áhrif.

Útgáfa þessarar skýrslu um **Samfélag og sjálfbærni** er lykilþáttur í þeirri vegferð og lögð er áhersla á að upplýsingagjöfin nái vítt og breitt yfir starfsemi fyrirtækisins og þeim áhrifum sem það hefur en líka hvaða áhrif samfélagið hefur á fyrirtækið.

Rio Tinto á Íslandi veitir árlega **styrki** til ýmissa málaflokka. Í árslok 2024 var endurnýjaður samningur fyrirtækisins við ÍBH og Hafnarfjarðarbæ um **íþróttastarf** barna og unglinga. Gerður var þriggja ára samningur en samkvæmt honum er heildarupphæð sem fyrirtækið leggur til á samningstímanum að minnsta kosti 33 milljónir króna eða sem svarar 11 milljónum á hverju ári. Viðræður um endurnýjun samnings við ÍBH og Hafnarfjörð hefst haustið 2026.

Í samningnum er að finna sérstakt ákvæði sem skapar hvata fyrir aðildarfélög ÍBH að sækja sér sérstaka **gæðavottun** fyrir starfsemi sína og tryggja þar með framgang mennta- og jafnréttismála með utanaðkomandi vottun. Auk þess nær vottunin yfir ýmsa aðra gæðapætti í starfsemi íþróttafélaga og stuðlar að betri rekstri og árangri.



Frá afhendingu styrkja til forsvarsfólks íþróttafélaga í Hafnarfirði 2025. Valdimar Víðisson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Rannveig Rist þáverandi forstjóri Rio Tinto á Íslandi og Hrafnkell Marinósson, formaður ÍBH

Samfélag

Áhersla er lögð á að fá **gesti og hagaðila** til Straumsvíkur og kynna þeim starfsemina en ekki síður að fá endurgjöf á starfsemi fyrirtækisins. Undanfarin ár hefur verið lögð sérstök áhersla á að fá til Straumsvíkur nemendur á ýmsum skólastigum og veita þeim tækifæri til að kynna alframléiðslu og mikilvægi hennar. Heimsóknirnar eru miðaðar að þörfum hvers hóps fyrir sig. Þannig hafa til dæmis nemendur í rafvirkjun farið sérstaklega yfir störf og starfsstöðvar sem tengjast þeirra störfum á meðan nemar í umhverfisverkfræði hafa kynnt sér umhverfismál og þurrhrensistöðvar.

Alls komu **245** nemar í heimsókn árið 2025 en heildargestafjöldi var mun meiri. Allir gestir sem koma á athafnasvæðið í Straumsvík þurfa að fara í gegnum öryggiskynningu. Áður en farið er um svæðið fá gestir viðeigandi öryggisbúnað; slopp, hjálm og gleraugu.

Fyrirtækið leggur áherslu á að allir hagaðilar geti óhindrað komið að **ábendingum, kvörtunum og hrósi** til fyrirtækisins. Á vefsvæði fyrirtækisins, www.riotinto.is og á Facebook síðu, er hægt að koma ábendingum á framfæri. Einnig er hægt að hringja en starfsfólk er þjálfað í að taka á móti ábendingum.

Allar **kvartanir, ábendingar** eða **hrós** eru skráðar um leið og þær berast, þeim svarað og brugðist við á viðeigandi hátt. Kvartanir geta líka verið nafnlausar en þá er eðlilega ekki hægt koma athugasemdum fyrirtækisins á framfæri við þann sem kvartar. Eftir sem áður er slíkum kvörtunum sinnt með sama hætti og öðrum. Á árinu 2025 barst engin formleg kvörtun samanborið við eina kvörtun árið á undan.



Stuðningur Rio Tinto við Grindavík

Rio Tinto, móðurfélag Rio Tinto á Íslandi, heldur úti sérstökum hamfarasjóði sem ætlað er að styrkja við samfélög sem hafa orðið fyrir náttúruhamförum. Á árinu 2024 veitti Rio Tinto Rauða krossi Íslands styrk að upphæð **208 milljónir króna** til að styðja við samfélagið í Grindavík sem hefur þurft að ganga í gegnum miklar og krefjandi áskoranir.

Styrkurinn hefur verið nýttur í fjölmörg mikilvæg verkefni sem **styðja við samfélagið í Grindavík** og víðar á Suðurnesjum, enda hafa íbúar Grindavíkur margir sest þar að. Áhersla hefur verið lögð á að styðja við margvísleg félagsleg verkefni og efla **viðnámsþrótt** íbúa, bæði til skemmri og lengri tíma. Þar eru þarfir fólksins hafðar í forgrunni.

Áhersla hefur verið lögð á að nýta styrkinn í verkefni sem ná til **allra aldurshópa**. Börn og ungmenni hafa fengið tækifæri til að sækja sjálfstyrkingarnámskeið, útlífsválar, sumardvalir og fræðslu um áföll – bæði fyrir sig og foreldra sína. Eldri borgarar og viðkvæmir hópar hafa einnig notið fræðslu, reglulegra samverustunda, sumardvala og tekið þátt í vinaverkefnum. Samvera, skilningur og tengsl eru mikilvægir þættir þegar hamfarir skella á.

Í ljósi aðstæðna á svæðinu hefur einnig verið lögð sérstök áhersla á að efla **viðbúnað** fyrir hugsanlegar rýmingar eða annað viðbragð við hvers kyns hamförum. Búnaður hefur verið uppfærður og sjálfbóðaliðar þjálfaðir í því að veita sálrænan stuðning, skyndihjálp og sinna rekstri fjöldahjálparstöðva.

Á árinu 2025 var unnið að fjölmörgum verkefnum og mun það halda áfram fram á sumarið 2026 en þá lýkur verkefninu formlega.



Á liðnu ári heimsóttu æðstu yfirmenn heilbrigðis-, öryggis-, umhverfis- og samfélagsmála Rio Tinto Grindavík og kynntu sér aðstæður í Grindavík. Frá vinstri: Eggert S. Jónsson, Óskar Arnórsson, Otti Rafn Sigmarsson, Beatrice Pierre, Froydis Cameron-Johansson og Guðni Ingólfsson

Stuðningur við björgunarsveitir

Björgunarsveitirnar gegna mikilvægu hlutverki í samfélagi okkar. Þær eru ávallt tilbúnar að leggja sitt af mörkum þegar mest á reynir og óeigingjarnt starf þeirra í þágu okkar allra er ómetanlegt.

Neyðarkallinn er mikilvæg tekjuöflun fyrir björgunarsveitir og er okkur stöðug áminning um mikilvægi björgunarsveita í okkar samfélagi og gildi þess að sinna sjálfböðastarfi. Neyðarkallinn er árlegur fastagestur í Straumsvík og er fyrir augum starfsfólks á hverjum degi þegar komið er til vinnu.

Á árunum 2024 og 2025 veitti fyrirtækið Björgunarsveit Hafnarfjarðar samtals **2,5 milljóna styrk** sem nýttur verður til endurnýjunar á **björgunarbát** sveitarinnar. Í Straumsvík er höfn með talverða skipaumferð og við vitum hversu mikilvægt er að hafa öflugt viðbragð við leit og björgun í sjó.

Rio Tinto á Íslandi er stolt af því að geta lagt starfi Björgunarsveitar Hafnarfjarðar lið.



Íslensku bjartsýnisverðlaunin

Hildur Knútsdóttir, rithöfundur, hlaut Íslensku bjartsýnisverðlaunin 2025 sem afhent voru við hátíðlega athöfn á Kjarvalsstöðum. Forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, afhenti verðlaunin, sem eru áletraður gripur úr áli frá Rio Tinto á Íslandi og ein og hálf milljón króna í verðlaunafé.

Í **umsögn dómnefndar** kom meðal annars fram:

„Hildur Knútsdóttir, bjartsýnisverðlaunahafi árið 2025, á að baki langan og fjölbreyttan feril. Á tímum þar sem lestur barna og ungmenna á í vök að verjast hefur verðlaunahafinn lagt umtalsvert af mörkum og fer iðulega ótroðnar slóðir í verkum sínum. Hún er fjölhæf, hugmyndarík og afkastamikil og skrifar bæði fyrir börn og fullorðna. Það er von okkar að Bjartsýnisverðlaunin verði hvatning til hennar um að halda áfram á sömu braut, að halda áfram að skrifa áhugaverðar, heillandi og frumlegar sögur fyrir okkar mikilvægustu lesendur.“

Hildur Knútsdóttir er bókmenntafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur einkum beint sjónum sínum að börnum og unglíngum og gert lestur að sérstöku viðfangsefni meðal annars í verkefninu *Skáld í skólum* á vegum Höfundamiðstöðvar. Í verkum sínum fer hún ótroðnar slóðir og er sögusvið verka hennar ýmist úr hversdagsleikanum eða úr veröld furðusagna. Auk þess að skrifa fyrir börn og ungmenni hefur Hildur skrifað leikrit, ljóð og nóvellur og tekið þátt í handritaskrifum fyrir sjónvarp. Verk hennar hafa mörg hver verið þýdd á erlend tungumál. Listi yfir verðlaun og viðurkenningar sýnir ótvírætt að verk viðkomandi hafa vakið verðskuldaða athygli. Margar bækur hennar hafa verið tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Jafnframt var Hríml tilnefnd til unglíngabókaverðlauna Norðurlandaráðs.

Bjartsýnisverðlaunin eru menningarverðlaun sem hafa verið afhent árlega frá árinu 1981. Rio Tinto á Íslandi, sem rekur álverið í Straumsvík, hefur verið bakhjarl verðlaunanna frá árinu 2000. Forseti Íslands hefur frá upphafi verið verndari verðlaunanna. Í hópi bjartsýnisverðlaunahafa eru margt þekktasta listafólk landsins.

Dómnefnd Íslensku bjartsýnisverðlaunanna skipa: Þórunn Sigurðardóttir, Magnús Geir Þórðarson, Sif Gunnarsdóttir og Rannveig Rist.



Hildur Knútsdóttir ásamt frú Höllu Tómasdóttur og Rannveigu Rist

Hvað skiptir máli

Árlega er farið vandlega yfir það hvaða atriði í starfsemi fyrirtækisins skipta helstu **hagaðila** mestu máli. Þá er bæði horft til ytri hagaðila en líka hvernig sömu atriði horfa við fyrirtækinu. Er þetta ferli gjarnan kallað mikilvægisgreining. Matið byggir á stöðugum samskiptum fyrirtækisins við hagaðila.

Þessi atriði eru breytileg frá einum tíma til annars og eru stöðugt í **endurskoðun**. Í þessari vinnu er horft bæði inn á við og út á við. Mat er lagt á áherslur og væntingar starfsfólks og stjórnenda en á sama tíma er því velt upp hvernig sömu þættir snúa að ytri hagaðilum. Er þetta ferli gert í anda GRI og uppfært eftir því sem mat á aðstæðum breytist. Einnig er stöðugt lagt mat á hagaðila fyrirtækisins og væntingar þeirra og samskiptum við þá hagað til samræmis við það.

Mikilvægt fyrir ytri hagaðila ISAL

	Nokkuð mikilvægt	Mikilvægt	Mjög mikilvægt
Mjög mikilvægt	Innkaup og virðiskeðja	Orkunotkun Umhverfisáhrif Hagrænt framlag	Samskipti við samfélag og gagnsæ upplýsingagjöf Kolefnishlutleysi 2040
Mikilvægt		Alþjóðlegt viðskiptaumhverfi Ábyrg nýting vatns Úrgangur	Vellíðan, heilsa og öryggi starfsfólks Jafnrétti, mannréttindi og fjölbreytileiki Útblástur
Nokkuð mikilvægt	Útlit og ásýnd ISAL Náttúruvá Persónuvernd		Samskipti við starfsfólk Rekstur, afkoma og samkeppnishæfni

Mikilvægt fyrir ISAL – innri hagaðili

Hagaðilar

Eitt lykilstefið í stefnu Rio Tinto á Íslandi er að vinna í sátt við umhverfi og samfélag. Starfsemin er viðamikil og hefur áhrif á margvíslega **hagaðila**. Fyrir fyrirtækið skiptir miklu máli að skilja þá vel og hvaða væntingar þeir hafa.

Hér gefur að líta yfirlit helstu hagaðila fyrirtækisins og gróft mat á **væntingum** þeirra auk lýsingar á **samskiptum** fyrirtækisins við þá. Árlega er farið í mat á hagaðilum og endurmetið hvort ástæða sé til að breyta þeim eða flokkun þeirra. Endurmatið er loks samþykkt í framkvæmdastjórn.

Hagaðili	Væntingar	Samskipti
Starfsfólk	Öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi Kjarasamningar Starfsþróun og menntun Jafnrétti, fjölbreytileiki og mannréttindi Persónuvernd	Stöðug
Nærsamfélag	Umhverfisáhrif Atvinna og skatttekjur Óbein efnahagsáhrif	Útgáfa samfélagsskýrslu Ábendingar frá samfélaginu Facebook síða fyrirtækisins
Birgjar og verktakar	Verkefnastaða og framleiðsla Fjárfestingar og endurbætur Öruggt vinnuumhverfi	Eins oft og þurfa þykir
Viðskiptavinir	Gæðavörur í samræmi við óskir viðskiptavina Afhendingar á réttum tíma Grænn málmur	Eins oft og þurfa þykir Birgjamat Heimsóknir
Stjórnvöld	Skatttekjur og atvinna Útflutningur og efnahagslegt framlag Árangur í umhverfismálum Árangur í loftlagsmálum	Eins of og þurfa þykir
Eigandi	Fjárhagsleg afkoma Árangur í öryggismálum Árangur í umhverfismálum Árangur í heilbrigðismálum Framleiðsla	Stöðug samskipti við móðurfélag og reglulegir stjórnarfundir
Landsvirkjun	Raforkunotkun Raforkuverð Vatnsbúskapur og afhending raforku	Regluleg samskipti
Eftirlitsstofnanir	Árangur í umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismálum	Reglulegir og formlegir samráðsfundir Eftirlitsskýrslur
Atvinnurekendasmöt	Kjarasamningar Samkeppnishæfni og efnahagsþróun	Regluleg samskipti
Önnur samtök fyrirtækja og hagsmunasamtök	Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja Miðlun upplýsinga og reynslu	Eins oft og þurfa þykir
Fjölmiðlar	Gagnsæjar upplýsingar og hreinskiptin samskipti	Eins oft og þurfa þykir

Efnahagslegir þættir

Efnahagsleg áhrif af starfsemi Rio Tinto á Íslandi eru mikil, enda er fyrirtækið meðal stærstu fyrirtækja landsins. **Áhrifin** eru af ýmsum toga. Öll framleiðsla er til útflutnings og skapar þannig verðmætar gjaldeyristekjur. Starfsfólk er um 380 talsins. Með störfum fastra verktaka eru bein störf í Straumsvík samtals um 540 þannig að bein **laun og launatengd gjöld** vegna starfseminnar eru há. Auk þess eru laun almenns starfsfólks í áliðnaði jafnan hærrí en í sambærilegum störfum. Mikil **raforka** er keypt af Landsvirkjun og kaup á vöru og þjónustu á innlendum markaði eru mikil.

Árið 2025 voru tekjur fyrirtækisins 646,9 milljónir dollara eða sem svarar **83 milljörðum króna** samanborið við 612 milljónir dollara árið á undan. Tekjur jukust nokkuð vegna hækkandi álverðs. Hins vegar voru rekstrarskilyrði erfið og verð aðfanga, sérstaklega á súráli á fyrsta hluta ársins, var mjög hátt. Einnig reyndust raforkuskerðingar kostnaðarsamar. Af því leiðir að tap varð á rekstrinum sem nam 104,1 milljónum dollara eða sem nemur 13,3 milljörðum króna. Þó ber að hafa í huga að um 90% af tapinu er vegna svokallaðra innbyggðra afleiðna og er ekki tengt reglubundnum rekstri.

Laun og launatengd gjöld til starfsfólks námu **63** milljónum dollara eða sem svarar 8,1 milljörðum króna.



Efnahagslegir þættir

Alls keypti fyrirtækið **innlenda vöru og þjónustu** fyrir rúmlega **11,8** milljarða íslenskra króna á árinu 2025 en þessi liður getur sveiflast umtalsvert milli ára eftir því hvernig staðan hefur verið á fjárfestingaverkefnum eða skipulagi rekstrarins. Þessi liður var umtalsvert hærri á árinu 2025 en undanfarin ár. Að jafnaði hefur um þriðjungur af þessari upphæð farið til fyrirtækja í Hafnarfirði en það hlutfall getur einnig verið breytilegt á milli ára.

Rio Tinto á Íslandi nýtti sér þjónustu **24** verktakafyrirtækja á árinu 2025. Starfsfólk þeirra á svæðinu voru að meðaltali **181** talsins og vann það samtals **249.618 vinnustundir**. Er það smávægileg minnkun frá árinu á undan.

Greiðslur fyrirtækisins til Hafnarfjarðarbæjar 2025 námu **383,7** milljónum króna en innifalið í því eru fasteignagjöld og vatnsgjald. Greiðslur fyrirtækisins til Hafnarfjarðarhafnar námu **220,4** milljónum króna.

Rio Tinto á Íslandi kaupir rafmagn af Landsvirkjun samkvæmt raforkusamningi sem gerður var árið 2010 og gildir til ársins 2036. Samningurinn var endurbættur í ársbyrjun 2021 en gildistíminn helst óbreyttur. Raforkuverðið er trúnaðarmál. Árið 2025 notaði álverið í Straumsvík **3.244 GWst** samanborið við 3.204 GWst árið á undan.

Fyrirtækið stóð frammi fyrir raforkuskerðingu í byrjun árs sem var síðan aflétt í febrúar. Vegna þessa var framleiðsla ársins nokkuð minni en gert hafði verið ráð fyrir.



Aðild að samtökum

Rio Tinto á Íslandi er aðili að ýmsum **hagsmunasamtökum** atvinnurekenda. Þar má nefna Samtök atvinnulífsins, en samtökin fara með kjarasamningsumboð fyrir hönd fyrirtækisins. Rannveig Rist, forstjóri, situr í stjórn Samtaka atvinnulífsins. Fyrirtækið er aðili að Samtökum iðnaðarins og Samál, Samtökum álframleiðenda. Rannveig Rist situr í stjórn Samáls og Bjarni Már Gylfason er varamaður. Sunna Björg Helgadóttir tók sæti Rannveigar í stjórn Samáls í apríl 2026. Loks erum við stofnaðilar að Festu, miðstöð um Samfélagsábyrgð og í Stjórnvísi. Bjarni Már Gylfason er í stjórn Festu og gegnir einnig hlutverki varaformanns.

Árið 2019 var stofnaður samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir. Hlutverk vettvangsins er að efla samstarf atvinnulífs og stjórnvalda við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styðja við markmið um **kolefnishlutlaust Ísland árið 2040**. Vettvangurinn hefur hlotið nafnið Grænvangur og er Rio Tinto á Íslandi einn af stofnaðilum vettvangsins en hann er hýstur hjá Íslandsstofu. Hefur vettvangurinn fengið nafnið *Green by Iceland* á ensku.

Rio Tinto á Íslandi er einn af stofnaðilum **Álklasans**. Klasanum er ætlað að farvegur hugmynda, þarfa, tengslamiðlunar og nýsköpunar. Enn fremur að Álklasinn verði vettvangur þar sem hægt er að viðra hugmyndir að verkefnum eða kalla eftir lausnum. Áhersla er á fjölbreytni og fjölgun fyrirtækja í afleiddum nýiðnaði og að ál verði nýtt sem grunnur nýsköpunar jafnt í grónum fyrirtækjum sem sprotafyrirtækjum. Meðal verkefna klasans er árlegt nýsköpunarmót, haustferð og jólafundur sem gjarnan hefur verið á tæknilegum nótum.



RioTinto

GRI tilvísunartafla 2025

GR vísar	Lýsing	Kafli / Upplýsingar
102 1	Nafn skipulagsheildarinnar	Río Tinto á Íslandi ehf.
102 2	Starfsemi, vörumerki, vörur og þjónusta	Um fyrirtækið
102 3	Staðsetning höfuðstöðva	Straumsvík, 222 Hafnarfirði
102 4	Staðsetning rekstrar	Straumsvík, 222 Hafnarfirði
102 5	Eignarhald og félagaform	Fyrirtækið
102 6	Markaðir í þjónustu	Fyrirtækið
102 7	Stærð skipulagsheildarinnar	Efnahagslegir þættir
102 8	Upplýsingar um starfsmenn og aðra starfskrafta	Fólkið í Straumsvík
102 9	Aðfangakeðja	Efnahagslegir þættir
102 10	Verulegar breytingar á skipulagsheildinni og aðfangakeðju	Ávarp forstjóra
102 11	Varúðarregla eða -nálgun	Áhættuskrá og áhættuflokkun starfa. Ársskýrsla.
102 12	Innleiðing utanaðkomandi frumkvæðis	Samfélag
102 13	Aðild að samtökum	Efnahagslegir þættir
GR		
102 14	Yfirlýsing frá æðsta ákvörðunartaka	Stefna ISAL
102 15	Helstu áhrif, áhætta og tækifæri	Ávarp forstjóra, ársskýrsla. Ársskýrsla móðurfélags
Siðareglur		
102 16	Gildi, meginreglur, staðlar og atferlivíðmið	Fyrirtækið
102 17	Ferli fyrir ráðleggingar og mál tengd siðferði	Þannig vinnum við – siðareglur Río Tinto
Stjórnarhættir		
102 18	Stjórnskipulag	Stjórnarháttayfirlýsing í Ársskýrslu. Skipurit ISAL
102 19	Framsál valds	Skipurit ISAL. Stjórnkerfi ISAL
102 20	Ábyrgð á framkvæmdastjórnarstigi á efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum málefnum	Yfirlýsing
102 21	Ráðgefandi hagsmunaaðilar fyrir efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg málefni	Samfélag
102 22	Samsetning æðstu stjórnar og nefnda hennar	Ársskýrsla. Stjórnarháttayfirlýsing. Fyrirtækið
102 23	Formaður æðstu stjórnar	Fyrirtækið
102 24	Tilnefning og val á æðstu stjórn	Fyrirtækið, Ársskýrsla
102 25	Hagsmunaaðilrekstrar	Þannig vinnum við – siðareglur Río Tinto
102 26	Hlutverk æðstu stjórnar við framsetningu tilgangs, gilda og stefnu	Fyrirtækið
102 29	Auðkenning og stjórnun á efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum áhrifum	Skipurit ISAL, Fyrirtækið – Stefna ISAL, Samfélag
102 31	Efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg rýni á efnistöðum	Samfélag, Efnahagslegir þættir, Umhverfismál, Ársskýrsla
102 32	Hlutverk æðstu stjórnar við skýrslugjöf um sjálfbærni	Fulltrú stjórnar. Forstjóri
102 33	Upplýsingagjöf um mikilvæg málefni	Skipurit ISAL
102 34	Eðli og heildarfjöldi mikilvægra málefna	Engu málefni sem fyrirtækinu ber að upplýsa skv. GRI stöðlum var vísað til stjórnar á árinu.
102 35	Stefnur um þóknun	Ársskýrsla. Stjórnarháttayfirlýsing
102 39	Prósentuhækkun á árlegu heildarhlutfalli launagreiðsina	Ársskýrsla

Þátttaka hagsmunaaðila	Kafli / Upplýsingar	
102 40	Listi yfir hópa hagsmunaaðila	Samfélag
102 41	Sameiginlegir kjarasamningar	100%
102< 42	Auðkenning og val á hagsmunaaðilum	Samfélag
102 43	Verklag við virkjun hagsmunaaðila	Fyrirtækið – Stefna ISAL
102 44	Helstu efnistöð og málefni	Samfélag
Skilgreining á efnislegum þáttum og mörkum þeirra		
102 45	Aðilar sem eru hluti af samstæðureikningsskilum	Ársskýrsla
102 46	Skilgreining á efni skýrslu og mörkum efnistaka	GRI tilvisunartafla
102 47	Listi yfir viðfangsefni	GRI tilvisunartafla
102 49	Breytingar á skýrslugjöf	Ávarp forstjóra
102 50	Tímabil skýrslugjafar	2025
102 51	Dagsetning nýjustu skýrslu	2025
102 52	Tíðni skýrslugjafar	Árleg
102 53	Tengiliður vegna upplýsingagjafar um skýrsluna	samskiptasvid@riotinto.com
102 54	Staðhæfingar um skýrslugjöf í samræmi við GRI staðla	Ávarp forstjóra
102 55	GRI efnisvísir	GRI tilvisunartafla
102 56	Ytri trygging	Áritun endurskoðenda (nær til kafla 7 um umhverfismál)
Fjárhagsleg frammistaða		
201 1	Beint efnahagslegt virði sem er skapað og dreift	Efnahagslegir þættir, Ársskýrsla
201 2	Fjárhagsleg áhrif og önnur áhætta og tækifæri sökum loftslagsbreytinga	Starfsemi ISAL fellur undir viðskiptakerfi ESB um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við lög nr. 70/2012 um loftslagsmál
201 3	Skilgreint fyrirkomulag skuldbindinga um bætur og annað fyrirkomulag eftirlauna	ISAL greiðir mótframlag í lífeyrissjóði starfsmanna í samræmi við gildandi samninga og lög
201 4	Fjárhagsaðstoð frá stjórnvöldum	ISAL fékk enga fjárhagsaðstoð frá stjórnvöldum árið 2025

Sýnileiki á markaði		Kafli / Upplýsingar
202	2	Hlutfall æðstu stjórnenda sem eru ráðnir úr nærsamfélaginu
Allir æðstu stjórnendur eru íslenskir		
Óbein efnahagsleg áhrif		
203	1	Innvíðafjárfestingar og þjónusta sem stutt er við
203	2	Veruleg óbein efnahagsleg áhrif
Samfélag		
Efnahagslegir þættir		
Innkaup		
204	1	Hlutfall útgjalda til birgja í nærsamfélaginu
Efnahagslegir þættir		
Spilling		
205	1	Mat á rekstri vegna áhættu sem tengist spillingu
205	2	Samskipti og þjálfun um stefnur og verklagsreglur gegn spillingu
205	3	Staðfest atvik um spillingu og aðgerðir er gripið var til
Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto		
Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto		
Engin atvik á árinu 2025		
Samkeppnishamlandi hegðun		
206	1	Lagalegar aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun, hringamyndun og einokunaraðferðum
Engin atvik á árinu 2025		
Efnisnotkun		
301	1	Efni sem notuð eru eftir þyngd eða rúmmáli
Umhverfismál – Grænt bókhald		
Orka		
302	1	Orkunotkun innan skipulagsheildarinnar
Umhverfismál – Grænt bókhald (orka)		
Vatn og frárennsli		
303-1	1	Umgengni við vatn sem samnýttar auðlindar
303-2	2	Stjórnun á áhrifum vatnslosunar
303-3	3	Vatnstaka
303-4	4	Vatnslosun
303-5	5	Vatnsnotkun
Umhverfismál – Vatnsnotkun og frárennsli		
Umhverfismál – Grænt bókhald		
Losun		
305	1	Bein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 1)
305	2	Óbein orkulosun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 2)
305	3	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 3)
305	4	Styrkur á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)
305	5	Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)
305	7	Losun köfnunarefnisoxíðs (NOX), brennisteinsoxíðs (SOX) og önnur veruleg losun lofttegunda
Umhverfismál – Losun í andrúmslofti, Grænt bókhald		
Frárennsli og úrgangur		
306	1	Losun vatns eftir gæðum og áfangastað
306	2	Úrgangur eftir tegund og förgunaraðferð
306	3	Verulegur leki
Engir verulegir lekar voru árið 2025		
Hlíting		
307	1	Ekki farið að umhverfislögum og reglum
Umhverfismál: Engar sektir voru greiddar á árinu		

Starfsfólk		Kafli / Upplýsingar
401	1	Nýráðningar starfsmanna og starfsmannavelta
401	3	Foreldraorlof.
Fólkið í Straumsvík		
Fólkið í Straumsvík		
Kjaramál		
402	1	Lágmarks uppsagnarfrestur ef breytingar verða á rekstri
Lög og kjarasamningar		
Heilsa og öryggi á vinnustað		
403	1	Stjórnkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað
403	2	Auðkenning á hættu, áhættumat og rannsókn atvika
403	3	Þjónusta tengd heilbrigði á vinnustað
403	4	Þátttaka starfsmanna, samráð og samskipti um heilsu og öryggi á vinnustað
403	5	Þjálfun starfsanna varðandi heilsu og öryggi á vinnustað
403	6	Heilsuefning starfsmanna
403	9	Vinnutengd slys á fólki
Fyrirtækið		
Fyrirtækið		
Fólkið í Straumsvík – Heilbrigðismál		
Lög og kjarasamningar		
Fólkið í Straumsvík		
Fólkið í Straumsvík – Heilbrigðismál		
Fólkið í Straumsvík – Öryggismál		
Þjálfun og menntun		
404	1	Árlegur meðalfjöldi klukkustunda í þjálfun á hvern starfsmann
404	3	Hlutfall starfsmanna sem fær reglulega rýni á frammistöðu og starfsþróun
Fólkið í Straumsvík – Fræðslumál		
Fólkið í Straumsvík – Fræðslumál		
Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri		
405	1	Fjölbreytileiki stjórna og starfsmanna
405	2	Hlutfall grunnlauna og þóknana kvenna í samanburði við karla
Fólkið í Straumsvík. Jafnréttisáætlun		
Fólkið í Straumsvík – Jafnréttismál		
Jafnræði		
406	1	Atvik um mismunun og framkvæmdar úrbætur
Fólkið í Straumsvík		
Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto		
Félagafrelsi og kjaraviðræður		
407	1	Rekstur og birgjar þar sem hættu er á sniðgöngu varðandi félagafrelsi og sameiginlega kjarasamningagerð
Þannig vinnum við – Siðareglur Rio Tinto		
Barnavinna		
408	1	Rekstur og birgjar þar sem verulega hættu getur verið á barnaþrækkun
Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto		
Nauðungar- og skylduvinna		
409	1	Rekstur og birgjar þar sem veruleg hættu getur verið á nauðungar- eða skylduvinnu
Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto		
Frumbyggjaréttur		
411	1	Brotatilvik sem fela í sér réttindi frumbyggja
Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto		
Mat á mannréttindum		
412	1	Rekstur sem hefur verið rýndur eða áhrifametinn með hliðsjón af mannréttindum
412	2	Þjálfun starfsfólks í stefnum eða verklagsreglum um mannréttindi
412	3	Samkomulag og samningar um verulegar fjárfestingar og samningar sem fela í sér mannréttindaákvæði eða hafa verið skimaðir með hliðsjón af mannréttindamálum
Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto. Áhættumat á mannréttindum.		
Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto		
Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto		
Nærsamfélagið		
413	1	Rekstur með virkni í nærsamfélaginu, áhrifamat og þróunaráætlanir
413	2	Rekstur sem hefur umtalsverð, raunveruleg og möguleg neikvæð áhrif á nærsamfélagið
Efnahagslegir þættir		
Umhverfismál		
Mat á samfélagsáhrifum birgja		
414	1	Nýir birgjar sem voru skimaðir á grundvelli félagslegra viðmiða
414	2	Neikvæð félagsleg áhrif í aðfangakeðjunni og aðgerðir sem gripið var til
Mat gert á nýjum birgjum. Stefna um innkaup		
Mat á birgjum gert reglulega		
Opinber stefna		
415	1	Framlag til stjórn mála
Rio Tinto veitir ekki styrki til stjórn mála flokka		
Persónuvernd viðskiptavina		
418	1	Rökstuddar kvartanir varðandi brot á persónuvernd viðskiptavina og tap á gögnum þeirra
Engin atvik á árinu 2025		
Hlíting		
419	1	Ekki farið að lögum og reglum á félagslegum og efnahagslegum sviðum
Engin atvik á árinu 2025		

RioTinto